

Samráð við almenning um skipulagsmál

Júní 2021





Lýsing á rannsókn

| | |
|-------------------------|--|
| Unnið fyrir | Skipulagsstofnun |
| Markmið rannsóknar | Að kortleggja afstöðu almennings og mat fagaðila á samráði í skipulags- og framkvæmdamálum |
| Dagsetning skýrsluskila | 16. júní 2021 |

Ábyrgðaraðilar

| | |
|-----------------|--|
| Útgefandi | Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands |
| Skýrsluhöfundar | Guðný Gústafsdóttir, Stefán Þór Gunnarsson og Ásdís A. Arnalds |

Vinsamlegast vísið í skýrsluna samkvæmt eftirfarandi hátt:
Guðný Gústafsdóttir, Stefán Þór Gunnarsson og Ásdís A. Arnalds (2021). *Samráð við almenning um skipulagsmál*. Reykjavík: Félagvísindastofnun Háskóla Íslands.



EFNISYFIRLIT

| | |
|--|-----------|
| Töfluyfirlit | 4 |
| Myndayfirlit | 4 |
| Samantekt | 6 |
| Inngangur | 8 |
| Aðferðafræði | 9 |
| Úrtak og svörun könnunar | 9 |
| Eigindleg gagnaöflun | 10 |
| Úrvinnsla | 10 |
| Niðurstöður meðal almennings | 11 |
| Bakgrunnsupplýsingar..... | 11 |
| Vettvangur | 14 |
| Þekking og viðhorf..... | 16 |
| Þátttaka í samráði..... | 19 |
| Aðgengi að upplýsingum | 23 |
| Niðurstöður meðal fagfólks og hagsmunaaðila | 26 |
| Svör við spurningalista | 26 |
| Sjónarmið sem fram komu í viðtölum | 33 |
| <i>Skipulagsráð</i> | 33 |
| <i>Hagaðilar</i> | 33 |
| <i>Regluverk</i> | 33 |
| <i>Skipulagskerfið</i> | 34 |
| <i>Hópar</i> | 38 |
| <i>Málfar</i> | 39 |
| <i>Tímarammi</i> | 40 |
| <i>Vettvangur upplýsinga</i> | 41 |
| <i>Formið / ferlarnir</i> | 43 |
| <i>Viðhorf til samráðs og úrbætur</i> | 45 |
| Heimildir | 49 |
| Viðauki | 50 |

TÖFLUYFIRLIT

| | |
|--|----|
| Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun | 9 |
| Tafla 2. Kyn þátttakenda..... | 11 |
| Tafla 3. Aldur þátttakenda | 11 |
| Tafla 4. Búseta | 12 |
| Tafla 5. Hver er hjúskaparstaða þín? | 12 |
| Tafla 6. Hversu mörg börn, 17 ára eða yngri, búa á heimili þínu? | 12 |
| Tafla 7. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið? | 12 |
| Tafla 8. Hver er staða þín á vinnumarkaði? | 13 |
| Tafla 9. Hverjar eru heildartekjur þínar að jafnaði á mánuði fyrir skatt? | 13 |
| Tafla 10. Hverjar eru heildartekjur heimilis þíns, það er þínar og maka þíns, að jafnaði á mánuði fyrir skatt? | 14 |
| Tafla 11. Kostir og gallar samráðs við almenning, að mati fagfólks og hagsmunaaðila | 28 |

MYNDAYFIRLIT

| | |
|---|----|
| Mynd 1. Hvaða vettvang telur þú árangursríkastan fyrir almenning til að taka þátt í samráði um skipulagsgerð sveitarfélaga eða umhverfismat framkvæmda? | 15 |
| Mynd 2. Hvaða vettvang telur þú almennt best til þess fallinn fyrir stjórnvöld að koma á framfæri upplýsingum um breytingar á skipulagi og fyrirhuguðum framkvæmdum? | 16 |
| Mynd 3. Telur þú þig hafa mikla eða litla þekkingu á því hvernig samráð við almenning við skipulagsgerð sveitarfélaga og umhverfismat framkvæmda fer fram? | 17 |
| Mynd 4. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að almenningur geti með samráði haft mikil eða lítil áhrif á skipulag og framkvæmdir í sínu nærumhverfi (t.d. íbúðarhverfinu)? | 17 |
| Mynd 5. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að almenningur geti með samráði haft mikil eða lítil áhrif á skipulag og framkvæmdir í sveitarfélaginu? | 18 |
| Mynd 6. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að almenningur geti með samráði haft mikil eða lítil áhrif á skipulag og framkvæmdir annars staðar á landinu? | 18 |
| Mynd 7. Afstaða til fullyrðinga um árangur samráðs við almenning | 19 |
| Mynd 8. Þátttaka í samráði um svæðisskipulag, aðalskipulag, rammaskipulag, deili- eða hverfaskipulag og umhverfismat framkvæmda..... | 20 |
| Mynd 9. Hvers vegna hefur þú ekki tekið þátt í samráði um skipulagsgerð og/eða umhverfismat? | 20 |
| Mynd 10. Hvaða vettvang hefur þú notað til að taka þátt í samráði um skipulagsgerð sveitarfélaga (þ.e. samráði um svæðisskipulag, aðalskipulag, rammaskipulag eða deiliskipulag/hverfisskipulag)? | 21 |



| | |
|---|----|
| Mynd 11. Hvaða vettvangur hefur þú notað til að taka þátt í samráði um umhverfismat framkvæmda? . | 22 |
| Mynd 12. Ef þú hugsar um síðasta skipti sem þú tókst þátt í samráði um skipulagsgerð sveitarfélaga, hvers vegna tókst þú ákvörðun um að taka þátt í samráði?..... | 23 |
| Mynd 13. Ef þú hugsar um síðasta skipti sem þú tókst þátt í samráði um umhverfismat framkvæmda, hvers vegna tókst þú ákvörðun um að taka þátt í samráði?..... | 23 |
| Mynd 14. Ef þú hugsar um síðasta skipti sem þú tókst þátt í samráði um umhverfismat framkvæmda, hvers vegna tókst þú ákvörðun um að taka þátt í samráði?..... | 24 |
| Mynd 15. Hvaðan færð þú helst upplýsingar um að unnið sé að skipulagi eða að til standi að ráðast í framkvæmdir í nágrenni þínu, þ.e. í þínu hverfi eða næsta nágrenni? | 24 |
| Mynd 16. Hvaðan færð þú helst upplýsingar um að unnið sé að skipulagi eða að til standi að ráðast í framkvæmdir í sveitarfélaginu? | 25 |
| Mynd 17. Hvaðan færð þú helst upplýsingar um að unnið sé að skipulagi eða að til standi að ráðast í framkvæmdir annars staðar á landinu? | 25 |
| Mynd 18. Á hvaða svæði eru verkefni sem þú helst sinnir?..... | 26 |
| Mynd 19. Hvers konar skipulagsmálum sinnir þú í þínu starfi?..... | 26 |
| Mynd 20. Finnst þér skipta miklu eða litlu máli að gefa almenningi kost á að koma á framfæri athugasemdum og hugmyndum áður en ákvarðanir eru teknar um skipulag og framkvæmdir?..... | 27 |
| Mynd 21. Ef þú hugsar um fyrri stig skipulagsgerðar og umhverfismats framkvæmda, telur þú almennt að mikið eða lítið samráð sé haft við almenning um kynningu lýsinga og mótun skipulagstillagna?.... | 27 |
| Mynd 22. Ef þú hugsar um fyrri stig skipulagsgerðar og umhverfismats framkvæmda, telur þú almennt að mikið eða lítið samráð sé haft við almenning um gerð matsáætlunar og frummatsskýrslu í umhverfismati framkvæmda? | 28 |
| Mynd 23. Hvers konar vettvangur er almennt nýttur til að ná til almennings á fyrri stigum skipulagsgerðar og umhverfismats?..... | 29 |
| Mynd 24. Hvers konar vettvangur er almennt nýttur til að ná til almennings þegar formleg skipulagstillaga eða frummatsskýrsla er auglýst? | 29 |
| Mynd 25. Hvers konar vettvangur telur þú að nýtist best til að ná til almennings á fyrri stigum skipulagsgerðar og umhverfismats?..... | 30 |
| Mynd 26. Hvers konar vettvangur telur þú að nýtist best til að ná til almennings þegar formleg skipulagstillaga eða frummatsskýrsla er auglýst? | 30 |
| Mynd 27. Finnst þér formlegir tímafrestir sem gilda um kynningu skipulagstillagna og umhverfismat framkvæmda of langir, hæfilegir eða of stuttir? | 31 |
| Mynd 28. Telur þú að almenningur eigi almennt auðvelt eða erfitt með að skilja gögn sem eru til umfjöllunar í tengslum við skipulagsgerð og/eða umhverfismat framkvæmda? | 32 |
| Mynd 29. Hvaða vettvangur telur þú almennt best til þess fallinn til koma á framfæri upplýsingum um skipulag og framkvæmdir? | 32 |

SAMANTEKT

- Flestir þátttakenda í könnuninni meðal almennings töldu starf í félagasamtökum árangursríkasta vettvanginn til að eiga í samráði um skipulag sveitarfélaga og að árangursríkast væri fyrir stjórnvöld að nota auglýsingar til að koma á framfæri upplýsingum um breytingar á skipulagi og fyrirhugaðar framkvæmdir.
- Mjög lítill hluti þátttakenda í könnun meðal almennings taldi sig hafa þekkingu á því hvernig samráð við almenning um skipulag sveitarfélaga og umhverfismat framkvæmda fer fram en flestir töldu sig þó geta haft mikil áhrif á skipulag og framkvæmdir í nærumhverfinu með þátttöku í samráði. Færri töldu sig geta haft áhrif á skipulag og framkvæmdir í sveitarfélaginu og enn færri töldu sig geta haft áhrif á framkvæmdir annars staðar á landinu.
- Fjórðungur þátttakenda í könnuninni hafði tekið þátt í samráði um svæðisskipulag og álíka stór hópur hafði tekið þátt í samráði um rammaskipulag. Ívið færri höfðu tekið þátt í samráði um aðalskipulag, rammaskipulag eða umhverfismat framkvæmda.
- Þátttakendur sem ekki höfðu tekið þátt í samráði voru spurðir um ástæður þess. Hlutfallslega flestir nefndu að þeir vissu ekki að það stæði þeim til boða en einnig taldi stór hópur sig ekki hafa nægilega mikla þekkingu til að geta tekið þátt í samráði.
- Algengast var að þátttakendur hefðu tekið þátt í samráði um skipulagsgerð sveitarfélaga með því að mæta kynningarfund eða opin hús og/eða með því að fylgjast með kynningum á netinu. Þá hafði stór hópur ritað nafn sitt á undirskriftarlista. Svipaðar niðurstöður komu í ljós þegar spurt hvar hvaða vettvangur hafði verið notaður til að taka þátt í samráði um umhverfismat framkvæmda.
- Flestir tóku ákvörðun um að taka þátt í samráði vegna áhuga á uppbyggingu og þróun viðkomandi svæðis og/eða til að gæta hagsmuna íbúa í nágrenninu.
- Hlutfallslega flestir svarendur könnunarinnar fengu upplýsingar um að unnið væri að skipulagi eða að til stæði að ráðast í framkvæmdir með því að fylgjast með fjölmiðlaumfjöllun.
- Svör fagfólks og hagsmunaaðila við spurningalista um viðhorf til almenningssamráðs leiddi í ljós að miklum meirihluta fannst það skipta mjög miklu máli að gefa almenningi kost á að koma á framfæri athugasemdum og hugmyndum áður en ákvarðanir eru teknar um skipulag og framkvæmdir.

- Fagfólki og hagsmunaaðilum sem svöruðu spurningalistanum þótti einn helsti kostur samráðs við almenning vera að þannig gætu komið fram gagnleg sjónarmið frá fólki sem þekkti vel til svæðisins. Aftur á móti nefndu nokkrir það sem galla að samráð endurspeglaði ekki endilega sjónarmið almennings.
- Fagfólk og hagsmunaaðilar sem svöruðu spurningalistanum sögðu opinberar vefsíður oftast vera notaðar til að ná til almennings annars vegar á fyrri stigum skipulagsgerðar og umhverfismats og hins vegar á seinni stigum, þegar formleg skipulagstillaga eða frummatsskýrsla er auglýst.
- Fagfólk og hagsmunaaðilar sem svöruðu spurningalistanum voru flestir á þeirri skoðun að almenningur ætti erfitt með að skilja gögn sem eru til umfjöllunar í tengslum við skipulagsgerð og/eða umhverfismat framkvæmda en að best væri að nota samfélagsmiðla og/eða opinberar síður á netinu til að koma á framfæri upplýsingum.
- Viðtöl við fagfólk og hagsmunaaðila leiddu í ljós að mikil vinna og tími færi í að uppfylla reglur og starfsferla sem gerir samráð við almenning þungt í vöfum.
- Viðmælendur voru sammála um að erfiðast væri að ná til ungs barnafólks þegar efna á til samráðs um skipulagsmál eða umhverfismat framkvæmda. Þetta væri synd, því ungt fólk væri sá hópur sem hvað eftirsóknarverðast væri að eiga í samtali við þar sem það hefði margt til málanna að leggja. Til þess að ná betur til ungs fólks töldu viðmælendur brýnt að gera efni og upplýsingar aðgengilegri og einnig væri nauðsynlegt að hafa kynningarefni á fleiri tungumálum en íslensku til að ná til fólks af mismunandi uppruna.
- Viðmælendur sammæltust um að sá tímarammi og auglýsingavettvangur sem miðað er við væri úreltur og að nauðsynlegt væri að aðlaga tímaramma að tegund og umfangi verkefna.
- Viðmælendur gagnrýndu þann vettvang sem hingað til hefur verið nýttur til að koma upplýsingum um skipulagsmál og framkvæmdir á framfæri. Nýta þyrfti netið betur.
- Viðmælendur töldu að formið við auglýsingar gæti boðið upp á misskilning og að nauðsynlegt sé að fram komi skýrar upplýsingar um hvað sé verið að auglýsa hverju sinni. Samhliða auglýsingum þurfi að leiða almenning í gegnum ferlið en jafnframt að stytta tímann sem auglýsingaferlið tekur.
- Viðmælendum fannst samráð við almenning afar mikilvægt og þess vegna þurfi að koma á fót vel útfærðri og notendavænni upplýsingaveitu. Málfar þyrfti að vera skýrt og tímarammi skilmerkilega fram settur.



INNGANGUR

Skipulag er í grunninn skilgreint sem bindandi áætlun sveitastjórna um mótun byggðar og nýtingu umhverfis. Samkvæmt skilgreiningunni hvílir endanleg ákvarðanataka og ábyrgð á stjórn sveitarfélaga. Í stefnu Skipulagsstofnunar 2019-2023 er lögð áhersla á samráð bæði í stefnumótunarvinnu og stjórnsýslulegri umsýslu skipulagsmála (Skipulagsstofnun stefna 2019-2023, e.d.). Samráð við hagsmunaaðila, s.s. landeigendur, framkvæmdaraðila, opinberar stofnanir og almenning er áréttað í lögum um skipulagsmál og einnig á heimasíðu Skipulagsstofnunar sem hefur eftirlit með framkvæmd laga og reglugerða í skipulagsmálum (Skipulagslög nr. 123/2010; Skipulagsstofnun, e.d.).

Rannsókn þessi var unnin að beiðni forstjóra Skipulagsstofnunar. Meginmarkmið rannsóknarinnar var að meta afstöðu almennings til samráðs um skipulagsmál og umhverfismats framkvæmda ásamt því að kortleggja mat fagaðila í málaflokknum á almenningssamráði um stefnumótun og ákvarðanatöku.

Samráð við almenning er talið eitt áhrifamesta stjórnsýslutæki nútíma lýðræðissamfélaga. Samráðsfundir byggja á upplýstu samtali hlutaðeigandi aðila, s.s. fulltrúum stjórnvalda, hagaðila og almennings. Sá ávinningur sem orðið getur af samráði við almenning um skipulag og framkvæmdir felst meðal annars í valdeflingu almennings í gegnum þátttöku í stefnumótun, auknum skilningi á sjónarmiðum annarra, minni líkum á myndun átakahópa meðal almennings um skipulagsmál, mótun á sameiginlegri sýn á samfélagið og meiri líkum á sátt og stuðningi við þær leiðir sem farnar eru.

AÐFERÐAFRÆÐI

Rannsóknin var tvíþætt og byggði á blandaðri aðferðafræði. Annars vegar var lögð fyrir spurningakönnun um þekkingu og afstöðu almennings til þess hvernig staðið er að samráði um skipulag og framkvæmdir og mat fólks á árangri. Hins vegar var samráðsferlið rætt við fagaðila og fulltrúa almennings í viðtölum.

Úrtak og svörun könnunar

Þátttakendur í spurningakönnun voru fulltrúar almennings. Úrtak var tekið úr netpanel Félagsvísindastofnunar sem samanstendur af fólki á Íslandi sem er 18 ára og eldra. Þátttakendur í netpanel hafa verið valdir úr þjóðskrá með tilviljunaraðferð og hafa samþykkt að taka þátt í könnunum á vegum Félagsvísindastofnunar. Söfnun í netpanel á sér stað jafnt og þétt og vel fylgst er með samsetningu hans.

Tekið var 2000 manna lagskipt úrtak úr netpanel Félagsvísindastofnunar. Úrtakið er lagskipt eftir kyni, aldri og búsetu til þess að það endurspegli sem best samsetningu landsmanna, 18 ára og eldri. Þátttakendur fengu hlekk að könnuninni sendan í tölvupósti og svöruðu henni rafrænt. Gögnin voru vigtuð eftir kyni, aldri og búsetu til að leiðrétta fyrir mismunandi svarhlutfall í hópum.

Svarhlutfall í könnuninni var 38% en alls svöruðu 749 manns úr úrtakinu spurningalistanum (sjá töflu 1).

Tafla 1. Framkvæmd og heimtur í könnun

| Framkvæmdamáti | Netkönnun |
|-----------------------|-------------------|
| Upplýsingasöfnun | 17.03.21-10.04.21 |
| Fjöldi í úrtaki | 2000 |
| Fjöldi svarenda | 749 |
| Brottfall | 30 |
| Svarhlutfall - brúttó | 37% |
| Svarhlutfall - nettó | 38% |

Eigindleg gagnaöflun

Þátttakendur viðtala voru fulltrúar forsvars- og fagaðila í skipulags- og framkvæmdamálum og fulltrúar almennings. Fulltrúar forsvars- og fagaðila voru valdir í samráði við verkkaupa.

Í rannsókninni voru tekin viðtöl við níu valda sérfræðinga og hagsmunaaðila með sérþekkingu á skipulagsmálum. Á meðal þeirra voru hönnuðir og ráðgjafar með mismunandi menntun og aðkomu að skipulagsverkefnum, skipulagsfulltrúar og framkvæmdaraðilar nokkurra sveitarfélaga og fulltrúar íbúasamtaka. Viðmælendur rannsóknarinnar höfðu unnið víðsvegar á landinu og bjuggu allir yfir víðtækri reynslu af skipulagi og framkvæmdum. Þannig komu þeir að útgáfu framkvæmdaleyfa, stefnumörkun og ráðgjöf um aðalskipulag, deiliskipulag og svæðisskipulag sem og mati á umhverfisáhrifum ýmissa framkvæmda, svo sem vega og virkjana.

Úrvinnsla

Niðurstöður spurningakönnunar eru birtar í töflum og myndum sem sýna hlutfallslega skiptingu svara. Í viðauka er að finna greiningu á svörum eftir kyni, aldri, búsetu, hjúskaparstöðu, hvort barn/börn búi á heimili, menntun, stöðu á vinnumarkaði, starfsstétt og tekjum einstaklings og heimilis.

Notast var við marktektarprófið kí-kvaðrat til að meta hvort tölfræðilega marktækur munur væri á hlutföllum mismunandi hópa. Ef tölfræðileg marktekt kemur fram er það gefið til kynna með stjörnumerkjum (*). Ein stjarna þýðir að innan við 5% líkur séu á því að munur sem sést í hópi svarenda sé kominn til af tilviljun ($p < 0,05$). Með öðrum orðum getum við sagt með 95% vissu að sá munur sem birtist meðal svarenda sé einnig til staðar meðal landsmanna, 18 ára og eldri. Tvær stjörnur þýða að munurinn sé marktækur miðað við 99% öryggi ($p < 0,01$) og þrjár stjörnur þýða að fullyrða megji með 99,9% vissu að munurinn sé til staðar í þýði ($p < 0,001$). Í þeim tilvikum þar sem munur var ómarktækur eru engin tákn.

Eigindleg úrvinnsla fólst í því að öll viðtölin voru tekin upp með leyfi viðmælenda og afrituð orðrétt. Hvert viðtal var lesið vandlega yfir og þemu eða meginatriði dregin fram með kóðun. Í framhaldi voru kóðanir allra viðtalanna flokkaðar í meginþemu og undirþemu eftir þeim áherslum sem viðmælendur lögðu í umræðuefnið. Við skrif upp úr viðtölum var nafnleyndar gætt (Creswell, 2012).

NIÐURSTÖÐUR MEÐAL ALMENNINGS

Í þessum kafla er að finna niðurstöður spurningakönnunar sem lögð var fyrir almenning.

Bakgrunnsupplýsingar

Í töflum 2 til 10 sést hvernig þátttakendur dreifðust hlutfallslega eftir hópum. Álíka hátt hlutfall karla og kvenna svaraði könnuninni. Helmingur þátttakenda var yfir fimmtugu, en það er vel þekkt í könnunum að betur gengur að fá svör frá eldri aldurshópum. Nærri tveir af hverjum þremur voru búsettir á höfuðborgarsvæðinu. Fjölskyldugerð þátttakenda var þannig háttáð að nærri 70% voru í hjónabandi eða sambúð og innan við þriðjungur var með barn/börn á heimili. Tæplega 40% voru með háskólamenntun, helmingur var í launuðu starfi og fjórðungur á eftirlaunum. Tekjur einstaklinga og heimilis normaldreifðust, sem þýðir að fæstir voru með lægstu og hæstu tekjurnar en flestir með miðlungs tekjur.

Tafla 2. Kyn þátttakenda

| | Fjöldi | | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|-------------|--------------|--------------|-------------|-------------|----------|
| | fyrir vigtun | eftir vigtun | | | |
| Karl | 402 | 384 | 51% | 3,6% | 51% |
| Kona | 347 | 365 | 49% | 3,6% | 49% |
| Alls | 749 | 749 | 100% | | |

Tafla 3. Aldur þátttakenda

| | Fjöldi | | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|-----------------|--------------|--------------|-------------|-------------|----------|
| | fyrir vigtun | eftir vigtun | | | |
| 18-35 ára | 88 | 216 | 30% | 3,3% | 30% |
| 36-50 ára | 201 | 141 | 19% | 2,9% | 19% |
| 51-65 ára | 264 | 176 | 24% | 3,1% | 24% |
| 66 ára og eldri | 170 | 190 | 26% | 3,2% | 26% |
| Fjöldi | 723 | 722 | 100% | | |
| Ekkki vitað | 26 | 27 | | | |
| Alls | 749 | 749 | | | |

Tafla 4. Búseta

| | Fjöldi | | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|------------------|--------------|--------------|-------------|-------------|----------|
| | fyrir vigtun | eftir vigtun | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 485 | 469 | 63% | 3,5% | 63% |
| Landsbyggð | 264 | 280 | 37% | 3,5% | 37% |
| Alls | 749 | 749 | 100% | | |

Tafla 5. Hver er hjúskaparstaða þín?

| | Fjöldi | | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---|--------------|--------------|-------------|-------------|----------|
| | fyrir vigtun | eftir vigtun | | | |
| Einhley p(ur) | 90 | 135 | 19% | 2,8% | 19% |
| Í sambúð | 112 | 148 | 20% | 2,9% | 20% |
| Í hjónabandi/í staðfestri samvist | 422 | 352 | 48% | 3,6% | 48% |
| Fráskilin(n)/skilin(n) að borði og sæng | 67 | 57 | 8% | 2,0% | 8% |
| Ekkja/ekkill | 36 | 38 | 5% | 1,6% | 5% |
| Fjöldi svara | 727 | 730 | 100% | | |
| Svarar ekki | 22 | 19 | | | |
| Alls | 749 | 749 | | | |

Tafla 6. Hversu mörg börn, 17 ára eða yngri, búa á heimili þínu?

| | Fjöldi | | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|------------------------|--------------|--------------|-------------|-------------|----------|
| | fyrir vigtun | eftir vigtun | | | |
| Engin börn á heimilinu | 495 | 512 | 70% | 3,3% | 70% |
| Börn á heimilinu | 237 | 221 | 30% | 3,3% | 30% |
| Fjöldi svara | 732 | 733 | 100% | | |
| Svarar ekki | 17 | 16 | | | |
| Alls | 749 | 749 | | | |

Tafla 7. Hvert er hæsta stig menntunar sem þú hefur lokið?

| | Fjöldi | | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---------------------|--------------|--------------|-------------|-------------|----------|
| | fyrir vigtun | eftir vigtun | | | |
| Grunnskólanám | 61 | 167 | 25% | 3,3% | 25% |
| Framhaldsskólanám | 266 | 249 | 37% | 3,7% | 37% |
| Háskólanám | 344 | 252 | 38% | 3,7% | 38% |
| Fjöldi svara | 671 | 668 | 100% | | |
| Svarar ekki | 78 | 81 | | | |
| Alls | 749 | 749 | | | |

Tafla 8. Hver er staða þín á vinnumarkaði?

| | Fjöldi | | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|---------------------------------|--------------|-------------|-------------|-------------|----------|
| | fyrir vigtun | efir vigtun | | | |
| Í launuðu starfi | 407 | 358 | 49% | 3,6% | 49% |
| Sjálfstætt starfandi | 51 | 42 | 6% | 1,7% | 6% |
| Atv innurekandi | 22 | 20 | 3% | 1,2% | 3% |
| Í námi | 22 | 60 | 8% | 2,0% | 8% |
| Á eftirlaunum | 156 | 175 | 24% | 3,1% | 24% |
| Öryrki | 43 | 44 | 6% | 1,7% | 6% |
| Atv innuleitandi | 17 | 16 | 2% | 1,1% | 2% |
| Í fæðingarorlofi/foreldraorlofi | 4 | 3 | 0% | 0,5% | 0% |
| Heimav innandi | 5 | 6 | 1% | 0,7% | 1% |
| Annað | 7 | 11 | 1% | 0,9% | 1% |
| Fjöldi svara | 734 | 734 | 100% | | |
| Svarar ekki | 15 | 15 | | | |
| Alls | 749 | 749 | | | |

Tafla 9. Hverjar eru heildartekjur þínar að jafnaði á mánuði fyrir skatt?

| | Fjöldi | | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|--------------------------|--------------|-------------|-------------|-------------|----------|
| | fyrir vigtun | efir vigtun | | | |
| 200 þús. kr. eða lægri | 24 | 52 | 8% | 2,1% | 8% |
| 201-300 þús. kr. | 55 | 69 | 11% | 2,4% | 11% |
| 301-400 þús. kr. | 100 | 126 | 19% | 3,0% | 19% |
| 401-500 þús. kr. | 83 | 88 | 14% | 2,6% | 14% |
| 501-600 þús. kr. | 75 | 75 | 12% | 2,5% | 12% |
| 601-700 þús. kr. | 79 | 66 | 10% | 2,3% | 10% |
| 701-900 þús. kr. | 103 | 86 | 13% | 2,6% | 13% |
| 901 þús.-1,1 milljón kr. | 65 | 46 | 7% | 2,0% | 7% |
| 1,1-1,3 milljón kr. | 31 | 27 | 4% | 1,5% | 4% |
| 1,3-1,5 milljón kr. | 8 | 4 | 1% | 0,6% | 1% |
| 1,5-1,7 milljón kr. | 5 | 5 | 1% | 0,7% | 1% |
| Yfir 1,7 milljón kr. | 10 | 6 | 1% | 0,7% | 1% |
| Fjöldi svara | 638 | 649 | 100% | | |
| Svarar ekki | 111 | 100 | | | |
| Alls | 749 | 749 | | | |

Í greiningu niðurstaðna er einstaklingstekjum skipt í fimm flokka þar sem þau sem hafa 300 þúsund krónur eða lægra eru einn flokkur, 301 - 500 þúsund annar, 501 - 700 þúsund þriðji, 701 þúsund - 1 milljón fjórði og yfir einni milljón fimmti.


Tafla 10. Hverjar eru heildartekjur heimilis þíns, það er þínar og maka þíns, að jafnaði á mánuði fyrir skatt?

| | Fjöldi | | Hlutfall | Vikmörk +/- | Hlutfall |
|--------------------------|--------------|--------------|------------|-------------|----------|
| | fyrir vigtun | eftir vigtun | | | |
| 200 þús. kr. eða lægri | 12 | 29 | 5% | 1,6% | 5% |
| 201-300 þús. kr. | 20 | 30 | 5% | 1,7% | 5% |
| 301-400 þús. kr. | 38 | 53 | 8% | 2,2% | 8% |
| 401-500 þús. kr. | 44 | 46 | 7% | 2,0% | 7% |
| 501-600 þús. kr. | 48 | 55 | 9% | 2,2% | 9% |
| 601-700 þús. kr. | 47 | 50 | 8% | 2,1% | 8% |
| 701-900 þús. kr. | 89 | 90 | 14% | 2,8% | 14% |
| 901 þús.-1,1 milljón kr. | 69 | 63 | 10% | 2,4% | 10% |
| 1,1-1,3 milljón kr. | 78 | 69 | 11% | 2,5% | 11% |
| 1,3-1,5 milljón kr. | 53 | 49 | 8% | 2,1% | 8% |
| 1,5-1,7 milljón kr. | 40 | 32 | 5% | 1,7% | 5% |
| 1,71-2 milljónir kr. | 48 | 32 | 5% | 1,7% | 5% |
| 2,1-2,5 milljónir kr. | 22 | 18 | 3% | 1,3% | 3% |
| Yfir 2,5 milljón kr. | 9 | 7 | 1% | 0,8% | 1% |
| Fjöldi svara | 617 | 625 | 91% | | |
| Svarar ekki | 132 | 250 | | | |
| Alls | 749 | 874 | | | |

Í greiningu niðurstaðna er heimilistekjum skipt í fimm flokka. Einstaklingstekjur þeirra sem eiga ekki maka eru skráðar sem heimilistekjur þeirra.


Vettvangur

Fólk var spurt hvaða vettvang það teldi best, næstbest og þriðja best að nota þegar kemur að samráði við almenning um skipulag sveitarfélaga (sjá mynd 1). Flestir töldu starf í félagasamtökum árangursríkasta vettvanginn (16%) en samlagning á hlutföllum þeirra sem töldu tiltekinn vettvang vera bestan, næstbestan eða þriðja bestan leiddi í ljós að mæting á kynningarfundum eða opin hús var sú leið sem flestir töldu árangursríkasta (42%).



Mynd 1. Hvaða vettvangur telur þú árangursríkastan fyrir almenning til að taka þátt í samráði um skipulagsgerð sveitarfélaga eða umhverfismat framkvæmda?


Eins og sjá má á mynd 2 töldu flestir auglýsingaleiðina best til þess fallna fyrir stjórnvöld að koma á framfæri upplýsingum um breytingar á skipulagi og fyrirhugaðar framkvæmdir (27%). Þetta átti líka við þegar athugað var hvaða leið fólki þótti best, næst best eða þriðja best en nærri tveir af hverjum þremur töldu auglýsingar í fjölmiðlum og samfélagsmiðlum vera meðal þriggja heppilegustu leiðanna.



Mynd 2. Hvaða vettvang telur þú almennt best til þess fallinn fyrir stjórnvöld að koma á framfæri upplýsingum um breytingar á skipulagi og fyrirhuguðum framkvæmdum?


Þekking og viðhorf

Aðeins 14% þátttakenda töldu sig hafa mikla þekkingu á því hvernig samráð við almenning um skipulagsgerð sveitarfélaga og umhverfismat framkvæmda fer fram (sjá mynd 3 og töflu í í viðauka). Hlutfallslega fleiri karlar voru á þeirri skoðun en konur. Mikill meirihluti (93%) taldi það á hinn bóginn skipta miklu máli að gefa almenningi kost á að koma á framfæri athugasemdum og hugmyndum áður en ákvarðanir séu teknar um skipulag og framkvæmdir.




Mynd 3. Telur þú þig hafa mikla eða litla þekkingu á því hvernig samráð við almenning við skipulagsgerð sveitarfélaga og umhverfismat framkvæmda fer fram?

Þá voru þátttakendur spurðir hvort þeir teldu sig með samráði geta haft mikil eða lítil áhrif á skipulag og framkvæmdir í nærumhverfinu, í sveitarfélaginu og annars staðar á landinu. Mynd 4 sýnir dreifingu svara við spurningunni um áhrif á nærumhverfið. Myndin sýnir að þau sem búa í foreldrahúsum voru frekar á því að almenningur gæti haft áhrif á skipulag og framkvæmdir í nærumhverfinu en þau sem bjuggu í eigin húsnæði eða leiguhúsnæði. Hátt hlutfall þeirra sem bjuggu í leiguhúsnæði völdu „hvorki né“ valmöguleikann við spurningunni, eða um helmingur.




Mynd 4. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að almenningur geti með samráði haft mikil eða lítil áhrif á skipulag og framkvæmdir í sínu nærumhverfi (t.d. íbúðarhverfinu)?

Þegar þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu almenning hafa áhrif á skipulag og framkvæmdir í sveitarfélaginu skáru þeir sem búa í leiguhúsnæði sig líka úr að því leyti að meira en helmingur þeirra valdi „hvorki né“ valmöguleikann sem innan við 40% hinna hópanna valdi. Öfugt við spurninguna um áhrif í nærumhverfi töldu þau sem búa í foreldrahúsum almenning síður geta með samráði haft áhrif á skipulag og framkvæmdir í sveitarfélaginu samanborið við þau sem bjuggu í eigin húsnæði (sjá mynd 5 og töflu v í viðauka).




Mynd 5. Þegar á heildina er lítið, myndir þú segja að almenningur geti með samráði haft mikil eða lítill áhrif á skipulag og framkvæmdir í sveitarfélaginu?

Rétt eins og í fyrri tveimur spurningum um áhrif almennings á skipulag og framkvæmdir skar fólk í leiguhúsnæði sig úr með því að velja „hvorki né“ valmöguleikann í mun meira mæli en aðrir þegar spurt var um áhrif almennings á skipulag og framkvæmdir annars staðar á landinu en í eigin sveitarfélagi (sjá mynd 6 og töflu vi í viðauka). Ekki var munur á afstöðu fólks til spurningarinnar eftir því hvort það bjó í eigin húsnæði í sérbýli eða fjölbýli.



Mynd 6. Þegar á heildina er lítið, myndir þú segja að almenningur geti með samráði haft mikil eða lítill áhrif á skipulag og framkvæmdir annars staðar á landinu?


Þátttakendur voru einnig beðnir um að taka afstöðu til nokkurra fullyrðinga sem mæla afstöðu þeirra til þess hvort samráð skili árangri. Mynd 7 sýnir dreifingu svara við fullyrðingunum. Svörin benda til þess að þátttakendum finnist samráð vera mikilvægt en að áhugaleysi stjórnvalda og aðkoma fjársterkra aðila geti komið í veg fyrir að samráð skili árangri.



Mynd 7. Afstaða til fullyrðinga um árangur samráðs við almenning


Þátttaka í samráði

Þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu tekið þátt í þrenns konar samráði, þ.e. samráði um gerð svæðisskipulags eða breytingar á svæðisskipulagi, samráði um gerð aðalskipulags eða breytingar á aðalskipulagi, samráði um rammaskipulag, samráði um gerð eða breytingu á deiliskipulagi eða hverfisskipulagi og samráði um umhverfismat. Mynd 8 sýnir hlutfall þeirra sem höfðu tekið þátt í þess háttar samráði. Hlutfallslega fleiri höfðu tekið þátt í samráði um gerð eða breytingu á deiliskipulagi, hverfaskipulagi eða svæðisskipulagi en annars konar samráði um skipulag og framkvæmdir (sjá einnig töflur xi-xvi í viðauka).




Mynd 8. Þátttaka í samráði um svæðisskipulag, aðalskipulag, rammaskipulag, deili- eða hverfaskipulag og umhverfismati framkvæmda

Þátttakendur sem ekki höfðu tekið þátt í þeim tegundum samráðs sem taldar eru upp á mynd 9 voru spurðir hvers vegna þeir höfðu ekki tekið þátt í þess háttar samráði. Mynd 10 sýnir hlutfallslega dreifingu svara við spurningunni. Hlutfallslega flestir sögðu ástæðuna vera vanþekkingu á því að slíkt stæði til boða (45%). Þá ástæðu nefndu hlutfallslega fleiri konur en karlar. Næst algengasta ástæðan var þekkingarleysi (31%) og þá ástæðu nefndu sömuleiðis hlutfallslega fleiri konur en karlar (sjá töflu xvii viðauka).




Mynd 9. Hvers vegna hefur þú ekki tekið þátt í samráði um skipulagsgerð og/eða umhverfismat?

Pátttakendur sem höfðu tekið þátt í samráði um skipulagsgerð og/eða umhverfismat framkvæmda voru spurðir hvaða vettvang þeir hefðu notað til þátttöku. Mynd 10 sýnir að algengast var að fólk hafi tekið þátt í samráði um skipulagsgerð sveitarfélaga með því að mæta á kynningarfundum eða opin hús (79%), með því að fylgjast með kynningum á netinu (77%) og stór hópur hafði ritað nafn sitt á undirskriftarlista (69%). Merkja mátti við fleiri en eitt atriði og þess vegna er samanlagt hlutfall svara hærra en 100% (sjá einnig töflu xviii í viðauka).



Mynd 10. Hvaða vettvang hefur þú notað til að taka þátt í samráði um skipulagsgerð sveitarfélaga (þ.e. samráði um svæðisskipulag, aðalskipulag, rammaskipulag eða deiliskipulag/hverfisSKIPULAG)?

Mynd 11 sýnir að hlutfallslega flestir þeirra sem höfðu tekið þátt í samráði um umhverfismat framkvæmda höfðu gert það með því að fylgjast með kynningum á netinu (81%), með því að mæta á kynningarfundum eða opin hús (72%) og/eða með því að rita nafn sitt á undirskriftarlista (69%) (sjá einnig töflu xix í viðauka).




Mynd 11. Hvaða vettvang hefur þú notað til að taka þátt í samráði um umhverfismat framkvæmda?

Þátttakendur sem höfðu tekið þátt í samráði voru beðnir að rifja upp síðasta skiptið sem þeir tóku þátt í samráði og svara til um hvers vegna þeir ákváðu að taka þátt. Mynd 12 sýnir svör þátttakenda við spurningu um hvers vegna þeir völdu að taka þátt í samráði um skipulagsgerð sveitarfélaga en mynd 13 sýnir dreifingu svara við því hvers vegna þeir ákváðu að taka þátt í samráði um umhverfismat framkvæmda. Eins og sjá má á mynd 12, var áhugi á uppbyggingu og þróun viðkomandi svæðis algengasta ástæða þátttöku í samráði um skipulagsgerð sveitarfélaga (60%) og sömuleiðis nefndi stór hópur hagsmunagæslu íbúa í nágrenninu (56%). Dreifingin var svipuð þegar spurt var um ástæðu þess að þátttakendur tóku þátt í samráði um umhverfismat framkvæmda (mynd 13) en áhugi á náttúruvernd var þó veigameiri þáttur í ákvörðun um þátttöku í samráði um umhverfismat framkvæmda (39%) en í samráði um skipulagsgerð sveitarfélaga (26%) (sjá einnig töflur xx og xxi í viðauka).



Mynd 12. Ef þú hugsar um síðasta skipti sem þú tókst þátt í samráði um skipulagsgerð sveitarfélaga, hvers vegna tókst þú ákvörðun um að taka þátt í samráði?




Mynd 13. Ef þú hugsar um síðasta skipti sem þú tókst þátt í samráði um umhverfismat framkvæmda, hvers vegna tókst þú ákvörðun um að taka þátt í samráði?

Aðgengi að upplýsingum


Þátttakendur voru spurðir hvort þeir teldu vera mikið eða lítið framboð af aðgengilegum upplýsingum um skipulag og umhverfismat framkvæmda í nágrenni sínu (t.d. íbúðarhverfinu), sveitarfélaginu og annars staðar á landinu. Um þriðjungur taldi vera mikið framboð af upplýsingum um skipulag og umhverfismat framkvæmda í sveitarfélaginu, fjórðungur taldi

framboðið vera gott í nágrenninu en innan við 20% töldu framboðið vera gott annars staðar á landinu (sjá mynd 14 og töflur xlii-xliv í viðauka).




Mynd 14. Telur þú vera mikið eða lítið framboð af aðgengilegum upplýsingum um skipulag og umhverfismat framkvæmda í nágrenni þínu (t.d. íbúðarhverfinu), sveitarfélaginu og annars staðar á landinu?

Mynd 15 sýnir að stærstur hluti þátttakenda (58%) fær upplýsingar um að unnið sé að skipulagi eða að framkvæmdir standi til í nágrenninu með því að fylgjast með umfjöllun í fjölmiðlum. Dreifingin var svipuð þegar þátttakendur voru spurðir hvaðan þeir fá upplýsingar um skipulag og framkvæmdir í sveitarfélaginu (sjá mynd 16).




Mynd 15. Hvaðan færð þú helst upplýsingar um að unnið sé að skipulagi eða að til standi að ráðast í framkvæmdir í nágrenni þínu, þ.e. í þínu hverfi eða næsta nágrenni?



Mynd 16. Hvaðan færð þú helst upplýsingar um að unnið sé að skipulagi eða að til standi að ráðast í framkvæmdir í sveitarfélaginu?

Þegar þátttakendur voru spurðir hvaðan þeir fengu upplýsingar um að unnið væri að skipulagi eða að ráðast skyldi í framkvæmdir annars staðar á landinu kom í ljós að mikill meirihluti, eða 75%, fékk upplýsingar með því að fylgjast með umfjöllun í fjölmiðlum (sjá mynd 17).




Mynd 17. Hvaðan færð þú helst upplýsingar um að unnið sé að skipulagi eða að til standi að ráðast í framkvæmdir annars staðar á landinu?


NIÐURSTÖÐUR MEÐAL FAGFÓLKS OG HAGSMUNAAÐILA

Svör við spurningalista

Stuttur spurningalisti var sendur á fag- og hagsmunaaðila sem kom til greina að taka viðtal við. Spurningalistinn var sendur á 30 netföng og alls bárust 23 svör. Tíu þeirra sem tóku þátt voru ráðgjafar eða hönnuðir, sjö voru forsvaraðilar fyrir skipulagsgerð eða umhverfismati og fimm gegndu annarri stöðu. Spurningalistinn hafði þann tilgang að kanna almennt viðhorf fag- og hagsmunaaðila til samráðs við almenning og að fá þátttakendur í viðtal, en í lok spurningalistans voru þátttakendur spurðir hvort þeir vildu veita viðtal vegna rannsóknarinnar. Eins og sjá má á mynd 18 fengust þátttakendur við verkefni víðsvegar um landið en algengast var að þeir sinntu verkefnum á höfuðborgarsvæðinu (73%). Hlutfallslega flestir fengust við deili- og/eða aðalskipulag (81%) (sjá mynd 19).




Mynd 18. Á hvaða svæði eru verkefni sem þú helst sinnir?




Mynd 19. Hvers konar skipulagsmálum sinnir þú í þínu starfi?


Svör við spurningalistanum leiddu í ljós að fagfólki og hagsmunaaðilum þykir almennt séð það skipta mjög miklu máli að gefa almenningi kost á að koma á framfæri athugasemdum og hugmyndum áður en ákvarðanir eru teknar um skipulag og framkvæmdir (sjá mynd 20). Þeir höfðu þó ólíkar skoðanir á því hvort mikið eða lítið samráð sé haft við almenning þegar lýsingar og mótun skipulagstillagna er kynnt á fyrri stigum skipulagsgerðar og umhverfismats framkvæmda (sjá mynd 21). Á hinn bóginn voru flestir þeirra á þeirri skoðun að frekar mikið samráð sé haft við almenning um gerð matsáætlunar og frummatsskýrslu í umhverfismati framkvæmda (sjá mynd 22).



Mynd 20. Finnst þér skipta miklu eða litlu máli að gefa almenningi kost á að koma á framfæri athugasemdum og hugmyndum áður en ákvarðanir eru teknar um skipulag og framkvæmdir?



Mynd 21. Ef þú hugsar um fyrri stig skipulagsgerðar og umhverfismats framkvæmda, telur þú almennt að mikið eða lítið samráð sé haft við almenning um kynningu lýsinga og mótun skipulagstillagna?




Mynd 22. Ef þú hugsar um fyrri stig skipulagsgerðar og umhverfismats framkvæmda, telur þú almennt að mikið eða lítið samráð sé haft við almenning um gerð matsáætlunar og frummatsskýrslu í umhverfismati framkvæmda?

Þátttakendur voru spurðir opinna spurninga um helstu kosti og galla samráðs við almenning. Í töflu 11 er búið að flokka svör þeirra við spurningunum. Flestir þeirra sem svöruðu spurningunni um kosti samráðs nefndu að með samráði við almenning kæmu fram gagnleg sjónarmið og aukin þekking á svæðinu frá þeim sem í raun koma til með að nýta svæðið. Þó var bent á að fólk sem tekur þátt í samráði væri ekki endilega lýsandi fyrir almenning, þar sem oft væri um að ræða litla en háværa hópa sem væru á móti framkvæmdum.

Tafla 11. Kostir og gallar samráðs við almennings, að mati fagfólks og hagsmunaaðila


| Kostir | Fjöldi | Gallar | Fjöldi |
|--|--------|---|--------|
| Gagnleg sjónarmið/upplýsingar/þekking | 12 | Litlir og háværir hópar taka þátt í samráði | 6 |
| Aukin sátt | 6 | Takmarkaður skilningur almennings | 2 |
| Miðlun upplýsinga í báðar áttir | 2 | Lítill þátttaka almennings | 2 |
| Aukin náttúruvernd | 1 | Samráð við almenning er seint í ferlinu | 2 |
| Minni líkur á að hagsmuna fyrirtækja sé gætt | 1 | Fólk upplifir sig ekki geta haft áhrif | 1 |
| Aukið aðhald með framkvæmdaraðila | 1 | Andstaða við framkvæmdir í heimabyggð (nimbiismi) | 1 |
| | | Lítið mark tekið á athugasemdum almennings | 1 |

Þátttakendur voru jafnframt spurðir hvaða vettvangur væri almennt nýttur til að ná til almennings á fyrri stigum skipulagsgerðar og umhverfismats, þ.e. við kynningu lýsinga og mótun skipulagstillagna og gerð matsáætlunar og frummatsskýrslu um umhverfismat framkvæmda. Þátttakendur voru beðnir að velja þrjú atriði og raða þeim í röð eftir því hvaða vettvangur væri oftast nýttur, næst oftast nýttur og þriðja oftast nýttur. Niðurstöður sýna að langoftast var reynt að ná til almennings með því að setja upplýsingar á vefsíður sveitarfélags, framkvæmdaraðila eða Skipulagsstofnunar. Nærri helmingur sagði þann vettvang oftast nýttan og um níu af hverjum tíu röðuðu þessum valkosti í þrjú efstu sætin yfir það sem mest væri nýtt. Sömuleiðis voru margir sem nefndu auglýsingar í fjölmiðlum (sjá mynd 23).




Mynd 23. Hvers konar vettvangur er almennt nýttur til að ná til almennings á fyrri stigum skipulagsgerðar og umhverfismats?

Þá var spurt hvers konar vettvangur væri almennt nýttur til að ná til almennings þegar formleg skipulagstillaga eða frummatsskýrsla er auglýst. Þátttakendur voru beðnir að velja þrjú atriði og raða þeim í röð. Dreifing svara var svipuð og þegar spurt var um fyrri stig skipulagsgerðar og umhverfismats, þ.e. að vefsíður og auglýsingar í fjölmiðlum væru oftast nýttar (sjá mynd 24).




Mynd 24. Hvers konar vettvangur er almennt nýttur til að ná til almennings þegar formleg skipulagstillaga eða frummatsskýrsla er auglýst?

Sömuleiðis var spurt hvaða vettvangur nýttist almennt best til að ná til almennings á fyrri stigum skipulagsgerðar og umhverfismats og þegar formleg skipulagstillaga eða frummatsskýrsla er auglýst. Niðurstöður eru sýndar á myndum 25 og 26. Þær sýna að vefsíður þóttu bestar til að ná til almennings. Þannig virðist sem vettvangurinn sem oftast er nýttur þyki almennt bestur til að ná til almennings.




Mynd 25.



Mynd 26. Hvers konar vettvangur telur þú að nýttist best til að ná til almennings þegar formleg skipulagstillaga eða frummatsskýrsla er auglýst?


Nokkur munur getur verið á því hvort fólk sé virkt til þátttöku í samráði eftir því hvaða stöðu það gegnir í þjóðfélaginu. Þess vegna voru þátttakendur spurðir opinnar spurningar um hvort og þá hvað væri gert til að virkja hópa sem ekki eru virkir. Í ljós kom að þátttakendum fannst að gera þurfi meira til að virkja þá sem ekki eru virkir, til dæmis með að láta af tæknimáli og nýta samfélagsmiðla til kynninga. Bent var á mikilvægi þess að hafa kynningarefni á fleiri tungumálum og nýta fjölbreyttar leiðir. Til dæmis hentaði betur að ná til yngri hópa á netinu en eldri hópum hentaði betur að fá til þátttöku með auglýsingum í fjölmiðlum og íbúafundum.

Einnig var spurt hvort formlegir tímafrestir sem gilda um kynningu skipulagstillagna og umhverfismat framkvæmda væru of langir, hæfilegir eða of stuttir. Nokkur dreifing var á svörum en um helmingi þótti tímafrestir vera hæfilegir og hlutfallslega fleirum fannst tímafrestir of langir en of stuttir (sjá mynd 27).




Mynd 27. Finnst þér formlegir tímafrestir sem gilda um kynningu skipulagstillagna og umhverfismat framkvæmda of langir, hæfilegir eða of stuttir?

Flestir voru sammála um að erfitt gæti verið fyrir almenning að skilja gögn sem eru til umfjöllunar í tengslum við skipulagsgerð og/eða umhverfismat framkvæmda (sjá mynd 28). Þegar spurt var hvað hægt væri að gera til að gera gögn aðgengilegri komu fram ýmis sjónarmið, t.d. að hægt væri að nota vefinn betur og setja þar fram einfaldar og hnitmiðaðar upplýsingar á öðrum síðum en vefsíðu Skipulagsstofnunar, því bent var á að almenningur nýtti þá síðu ekki mikið. Einnig var bent á að það þyrfti að eiga sér stað samtalið við íbúa til að fá tilfinningu fyrir áhugasviði þeirra í stað þess að senda einungis út kynningarefni, láta af tæknimáli og nýta tæknina betur með því að gera kynningarmyndbönd eða sýna þrívídd af fyrirhuguðum byggingum.



Mynd 28. Telur þú að almenningur eigi almennt auðvelt eða erfitt með að skilja gögn sem eru til umfjöllunar í tengslum við skipulagsgerð og/eða umhverfismat framkvæmda?

Þegar spurt var hvaða vettvangur fólk teldi almennt best til þess fallinn til koma á framfæri upplýsingum um skipulag og framkvæmdir settu hlutfallslega flestir samfélagsmiðla í fyrsta sætið en íbúafundur var sá vettvangur sem oftast var raðað í eitt af þremur efstu sætunum (sjá mynd 29).



Mynd 29. Hvaða vettvangur telur þú almennt best til þess fallinn til koma á framfæri upplýsingum um skipulag og framkvæmdir?

Sjónarmið sem fram komu í viðtölum

Hér á eftir verður gerð grein fyrir niðurstöðum þess hluta rannsóknarinnar sem fólst í viðtölum við sérfræðinga í skipulagsmálum.

Skipulagsráð

Í viðtölunum kom fram að ákvörðunar- og framkvæmdarvald áætlaða í skipulagsmálum er í höndum skipulagsráðs hvers sveitarfélags en „skipulagsráð eru pólitískt kjörin ráð. Og það eru í rauninni þau sem hafa valdið. Þau ákveða hvernig hlutirnir eru“, segir t.d. einn viðmælenda. Einnig kom fram að ekki eru allir á eitt sáttir með vald skipulagsráða eða hvernig skipað er í ráðin. Þannig var t.a.m. bent á að pólitískir hagsmunir og hagsmunir framkvæmdaraðila væru oft samtvinnaðir sem hefði áhrif á áætlanagerðina og að útkoman væri ekki endilega sú besta fyrir almenningi. Þá væru pólitísk ráð alla jafna skipuð atvinnupólitíkusum sem væru „leikmenn“ í málaflokknum en ekki fólki með fagþekkingu í skipulagsmálum nema í undantekningar-tilfellum. Viðmælendur voru þó á einu máli um að málaflokkurinn krefðist faglegrar, málefna-legrar aðkomu.

Hagaðilar

Vinna skipulagsráðs er í nánú samstarfi við stjórnendur bæjar- og sveitarfélaga og einnig svokallaða hagaðila, eða þá sem hafa „hag, kröfu eða áhuga á aðgerðum og ákvarðanatöku“ í skipulagsmálum. „Sveitarfélög og landeigendur“ skipa þar stóran sess en einnig „rekstraraðilar“, „verktakafyrirtæki“, „félagasamtök, náttúruverndarsamtök og almenningur“ svo dæmi séu nefnd úr viðtölunum. Aðkoma og áhrifamáttur hagaðila er misjafn eftir vægi þeirra eða líkt og einn viðmælendi orðaði það: „ef það eru einhverjir stórir hagsmunaaðilar, þá er valdabaráttá“. Í einhverjum tilfellum er vægi hagaðila metið með svokallaðri „hagaðila-greiningu“ sem lögð er til grundvallar aðkomumöguleikum viðkomandi af skipulagsráðum. Hagaðilagreining felst í því að meta aðkomu að skipulags- og framkvæmdamálum eftir því „hverjir aðrir eru að nýta landsvæði eða hafa einhvern hag af svæðinu“.

Regluverk

Skipulagslög nr. 123/2010 ramma inn framkvæmdaferli skipulagsmála með almannahagsmuni að leiðarljósi, en samráð við almenning um þróun byggðar er ávarpað í 1. grein laganna um markmið þeirra (Skipulagslög nr. 123/2010). Skýringar á framkvæmdum og skipulagsþróun er

að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar sem er það stjórnvald sem sér um að rétt sé staðið að stefnumótun og stjórnsýslulegum ferlum skipulagsmála (Skipulagslög nr. 123/2010; Skipulagsstofnun, e.d.).

Nánari útfærslur þeirra skipulagsferla sem rannsóknin náði til er að finna undir einstaka málaflokki þess hluta skipulagskerfisins sem fellur undir skipulag sveitarfélaga. Leiðbeiningar fyrir svæðisskipulag, aðalskipulag og deiliskipulag sýna tímasetta þætti þess ferlis sem lög gera kröfur um og fylgt er eftir af Skipulagsstofnun og öðrum hagaðilum. Á leiðbeiningarblöðunum eru tilgreindir verkþættir, tími og vettvangur auglýsinga skipulagsverkefna fyrir almenning. Svæðis-, aðal- og deiliskipulagsverkefni hafa auglýsingatíma sem nemur „að lámarki 6 vikur“. Skipulagsverkefnið skal auglýst í „Lögbirtingablaðinu“, í „dagblaði sem gefið er út á landsvísu“ og auk þess „vera aðgengilegt á netinu“ (Skipulagsstofnun, 2012; 2012a og 2015). Á heimasíðu Skipulagsstofnunar er að finna yfirlit og hlekki á öll lög og reglugerðir sem varða skipulagsmál sem og styttri lýsingar á þeim ferlum og því efni sem krafist er í skipulags- og framkvæmdamálum og tíunduð eru í lögum.

Skipulagskerfið

Líkt og getið er í inngangskafli skýrslunnar er hugtakið skipulag skilgreint á heimasíðu Skipulagsstofnunar sem „formleg, bindandi áætlun sveitarstjórnar um fyrirkomulag byggðar og mótun umhverfis“. Skipulagsmálum sveitarfélaga er nánar skipt í þrjá meginflokka: 1. *Svæðisskipulag* sem er samræmd stefna tveggja eða fleiri sveitarfélaga um sameiginleg hagsmunamál, 2. *Aðalskipulag* sem er stefna sveitarfélags um landnotkun, náttúruvernd og þróun byggðar í öllu sveitarfélaginu og 3. *Deiliskipulag* sem er skipulag fyrir afmarkað svæði, til dæmis einstök hverfi eða götureiti (Skipulagsstofnun, e.d.). Í heildina lögðu viðmælendur áherslu á þá þætti skipulagskerfisins sem snúa að samráði um deili-, aðal- og svæðisskipulag en ekki mat á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt viðmælendum rannsóknarinnar endurspeglar bæði skilgreiningin, regluverk og framkvæmd skipulagsmála helst það valdsvið og stjórnsýslulegu umsvif sem samræmist starfssviði fulltrúa stjórnvalda og skipulagsaðila í málafloknum. Skipulagskerfið er þannig ekki sniðið að stefnumótunarpættinum sem felst í skilgreiningunni heldur frekar að kerfis-forminu sem slíku:

Skipulagsvinna náttúrliga á að vera og er í eðli sínu stefnumótunarvinna. Það byggir mikið á því að sveitarfélögin og hið opinbera þá, sem ber ábyrgð á málaflokknum hafi einhver svona markmið, einhverja skýra sýn sem á að móta þá þessa stefnu, og líklega er það nú það sem er hvað mest gagnrýnt meðal okkar fagmanna, allavega svona í mínum kreðsum, það er að það er miklu meira þúður lagt í að tryggja eitthvað svona formlegan frágang á gögnum, heldur en svona eiginlega stefnumótun sem síðan helst.

Það sem viðmælandi vísar í sem „formlegan frágang á gögnum“ var ítrekað gagnrýnt af viðmælendum. Mörgum þótti kerfið sjálft standa kerfinu eða ætluðu hlutverki þess fyrir þrifum og einhverjir gengu svo langt að kalla kerfið „úreitt“ og tilheyra „gamalli tíð“. Mikil vinna og tími færi í að uppfylla reglur og starfsferla sem samræmdust ekki nútíma verklagi. Starfsferlarnir sem var ítrekað vísað í er útprentun gagna en samkvæmt lögum þurfa gögn geymd hjá Skipulagsstofnun að vera á pappír eða með orðum eins viðmælanda: „við erum bara stanslaust að prenta út og stimpla og senda hérna [á Skipulagsstofnun] og fá það aftur til baka“.

Samkvæmt viðmælendum rannsóknarinnar hefur, kerfis-formsins vegna, allt samráð við almenning um breytingar og þróun í skipulagsmálum verið þungt í vöfum þó einhver munur sé á málaflokkum. Þannig kom fram að „mat á umhverfisáhrifum [er] oftast miklu ítarlegra en vinna við aðal- og svæðisskipulag [...] þó báðir málaflokkar séu með skýrar kröfum um samráð skrifaðar í lögin“.

Viðmælendur rannsóknarinnar skiptust í meginráttum í tvo hópa í viðhorfum sínum til skipulagskerfisins. Sumir töldu að skipulagsferli sveitarfélaga væru í grunninn einföld og lýsing einstaka verkþátta aðgengileg fyrir framkvæmda- og hagsmunaaðila á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Aðrir sögðu regluverk skipulagskerfisins of flókið og „að [ætti að vera] vera miklu einfaldara fyrir bæði nefndirnar og sveitarstjórnirnar að gera breytingar á deiliskipulagi“. Einn viðmælanda orðaði það sem svo að:

Stofnun eins og Skipulagsstofnun sem er náttúrliga mjög þörf að mörgu leyti, en hún á ekkert að vera með puttana í allt of miklu. Og stundum hef ég sagt það að deiliskipulag eiga ekkert að vera mál Skipulagsstofnunar. Deiliskipulag er bara mál sveitarfélagsins.

Skipulagsvald innan sveitarfélaganna ætti að vera á hendi sveitarfélaganna sjálfra en ekki lúta miðstýringu handhafa ríkisvaldsins.

Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu Skipulagsstofnunar skal samráð við almenning í skipulagsmálum tryggt frá upphafi verks. Þannig er að finna leiðbeiningar um verklag við lýsingu á skipulagsmálum á heimasíðu Skipulagsstofnunar en þar sem segir m.a.:

Þegar hafin er vinna við gerð svæðisskipulags- eða aðalskipulagstillögu, þarf sveitarstjórn að taka saman lýsingu á verkefninu og kynna fyrir Skipulagsstofnun, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum. Lýsing er eins konar verkáætlun um mótun tillögu að verulegri breytingu eða endurskoðun á gildandi skipulagi (<https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Lysing-fyrir-skipulagsaaetlanir.pdf>).

Tilgangur lýsingarinnar er m.a. að: „tryggja að almenningur og hagsmunaaðilar komi að skipulagsferlinu á fyrstu stigum og „stuðla að gagnsæi í öllu ferlinu og bæta upplýsingaöflun“. Lýsingar er ekki krafist fyrir „óverulega breytingu á aðalskipulagi“. Fyrir þau tilfelli sem falla undir „óverulegar breytingar“ má finna gátlista á heimasíðunni (Skipulagsstofnun, e.d.).

Þeir verkferlar sem eru lagðir til grundvallar „verulegum“ og „óverulegum“ breytingum skipulags eru sniðnir að ólíku umfangi verka og krefjast mismunandi verklags. Viðtölin við sérfræðinga rannsóknarinnar leiddu þó í ljós að verkefni af mismunandi stærðargráðu, rötuðu samt sem áður í sömu ferli:

Það er annars vegar til óveruleg breyting á deiliskipulagi og hins vegar bara þessi venjulega breyting á deiliskipulagi, veruleg breyting, en þessi breyting á þessu deiliskipulagi í Hvalfirði, við þennan sumarbústað, var talin vera það mikil, hvað nágranna varðar, að hún flokkaðist ekki sem óveruleg, og þá þurfti hún að fara í nákvæmlega sama feril og breyting á deiliskipulagi fyrir stærstu verksmiðju á Íslandi.

Með öðrum orðum ræðst skilgreining á þeirri breytingu sem á sér stað ekki eingöngu af umfangi verksins sjálf heldur eru aðrir þættir, í þessu tilfelli ætluð áhrif á nágranna, sem tekið er tillit til í skilgreiningu og aðkomu að verkinu. Þó óverulegar breytingar ættu alla jafna að fela í sér minni umsýslu en stærri verk, er réttur almennings til umsagna við verkið mikill:

Óveruleg breyting er þannig að þá þarf að grenndarkynna hana fyrir næsta nágrenni, en svo eru kannski einhverjir lengra í burtu sem ekki er grenndarkynnt fyrir, þeim finnst kannski að þeir hefðu átt að fá þetta til umsagna og ábendinga og eru ósáttir og þeir geta kvartað til úrskurðarnefndar og þá er hún jafnvel að snúa einhverjum hlutum.

Regluverkið kveður því á um töluverð völd almennings til þess að hafa áhrif á umhverfi sitt, hvort sem um er að ræða fyrirhugaðar breytingar í næsta nágrenni eða lengra í burtu. Ábyrgðaraðilar í skipulags- og framkvæmdamálum sjá sig því, að eigin sögn, oft til þess knúna

að setja óverulegar breytingar í ferli sem verulegar breytingar til þess að tryggja sig fyrir hugsanlegum árekstrum. „Stundum er bara þægilegra að fara öruggu leiðina“ segir einn viðmælenda „í staðinn fyrir að taka einhverja skemmri skírn. Þá sjá örugglega allir allt“.

Á sama tíma er svigrúmið sem skipulags- og framkvæmdaraðilar hafa til þess að sníða verkin að völdum ferlum innan lagaramma og verklagslýsingum skipulagskerfisins töluvert. Nokkrir viðmælendur ítrekuðu að „í lögum eru ákveðin ákvæði um hvað skuli gera að lágmarki“ og innan hvaða tímamarka. Hámark aðgerða og hvaða aðferðum er beitt er því nokkuð frjálst. Flestir viðmælenda sögðust nýta svigrúmið innan lagarammans til umfram-auglýsinga og – kynninga, bæði fyrir aðal- og deiliskipulags breytingar. Sem dæmi segir einn viðmælenda:

Lögum samkvæmt er það ekki skylda, en það var ákveðið að gera það út af stærð verkefnisins og áherslunum sem var verið að sýna. Það var bæði farið í þá vinnu að vera með rýnihópa um skipulagið og síðan að fara í svokallaða forkynningu og [vera með] streymisfund.

Greining viðtala við sérfræðinga leiddi einnig í ljós vísbendingar um að skipulags- og framkvæmdaraðilar hafi nýtt það svigrúm sem gefið er með áðurnefndum lágmarkskröfum, til að stytta kynningarferli skipulagsbreytinga. Sem dæmi lýsir einn viðmælendi reynslu sinni af því að sitja „hinum megin við borðið“ sem fulltrúi almennings á eftirfarandi hátt:

Þá voru þeir líka að hoppa yfir einhver skref og töluðu svo eins og það væri svo mikið eftir. En ég sá að gögnin sem voru lögð fram, það var augljóst að þetta var tilbúin tillaga. Og þarna vantaði alla auðmýkt á móti og þeir hrukku svólítið við þegar það var einhver í salnum sem bara gat sagt við þá: Nei, vitið þið það, nú eruð þið greinilega að setja þetta í einhvern búning sem er ekki alveg sannur og réttur.

Með öðrum orðum er svigrúmið sem regluverkið segir til um kynningu til almennings um breytingar á skipulagi ýmist nýttur til þess að kynna almenningi skipulagsbreytingar ítarlegar en lög gera ráð fyrir eða takmarka upplýsingar.

Einn viðmælenda tók fram, fram að þó regluverk skipulagsmála myndi ákveðinn ramma og til viðbótar liggi krafa um skipulagslýsingu sem hluti af ferlinu, sé hans: „tilfinning sú og reynsla, að fólk [almenningur] sé ekki að koma að borðinu fyrr en það er búið að teikna þetta [skipulagsbreytingar] upp“. Af orðum viðmælenda má ráða, að skipulagskerfið sjálft sé fyrst og fremst sniðið að stjórnsýsluvaldinu og hagaðilum til ákvarðanatöku og framkvæmda. Réttur almennings til virkrar hlutdeildar virðist því háð, að skipulags- og framkvæmdaraðilar leggi sig sérstaklega fram um að veita almenningi aðgengi að öllum fyrirliggjandi upplýsingum.

Hópar

Samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013, 1.3. grein, er „almeningur“ skilgreindur sem: „einn eða fleiri einstaklingar eða lögaðilar, samtök þeirra, félög eða hópar“ (Skipulagsreglugerð nr. 90/2013). Viðmælendur rannsóknarinnar voru sammála um að sá hópur sem auðveldast er að ná til og er jafnframt virkastur á fundum um skipulags- og framkvæmdamál sé fólk á aldrinum „50 plús“, eða fólk á miðjum aldri. Eldri borgarar eru, líkt og einn viðmælandi orðaði það, „ekkert voðalega uppteknir af svona málum [skipulagsmálum]“ og kjósa frekar að verja ævkvöldinu í önnur hugðarefni. Viðmælendur voru sammála um að erfiðast væri að ná til ungs barnafólks:

Ungt fólk með börn hefur ekki tíma til að pæla í svona málum. Þetta er erfiðasti hópurinn og ef fólk fær einhvern auka tíma aflögu, þá er það ekki að fara á einhvern skipulagsfund. Á þriðjudagskvöldi.

Á sama tíma lögðu margir viðmælenda áherslu á að unga fólk væri sá hópur sem hvað eftirsóknarverðast er að eiga í samtali við um skipulags- og framkvæmdamál, því „að yngra fólk það er miklu opnara, það er miklu tilbúnara til að hlusta á rök“ en fólk á öðrum aldurs skeiðum. Þá hefði ungt fólk margt mikilvægt til málanna að leggja. Sem dæmi nefndi einn þátttakenda samráðsfund um skipulagsmál sem haldinn var í samstarfi við ráðgjafafyrirtæki á höfuðborgarsvæðinu:

Það kom skemmtilega á óvart, við vorum þarna með þessa fundi sem við skiptum eftir aldri, [...] og skemmtilegustu fundirnir fannst mér fundirnir með unga fólkinu. Þetta er fólk sem ætlar ekki að eiga tvo eða þrjá bíla og þetta er ekki fólk sem ætlar að eyða öllum peningunum sínum í steinsteypu og þetta er fólk sem ætlar ekki alltaf að vera í vinnunni.

Ungt fólk hefur þannig aðra sýn en eldri kynslóðir á daglegt líf og það samfélag sem á að þjóna því og er þar með opnara fyrir nýjum lausnum sem henta betur þeirri framtíðarsýn sem ungt fólk er hluti af.

Fyrsta skrefið í þá átt að fá ungt fólk til þess að taka meiri þátt í skipulagsmálum er, samkvæmt viðmælendum, að endurmóta skipulagskerfið sjálft þannig að aðgengi að efni og upplýsingum sé í heild sinni auðveldari. Í stað þess að hafa kerfið sniðið að aðgengileika fárra, miðaldra Íslendinga þyrfti að endurskoða það heildrænt. Þannig sé einnig hægt að kortleggja sjónarhorn fleiri hópa „út frá því hvort fólk er af erlendum uppruna, eða rótgrónir íbúar viðkomandi

sveitarfélaga, eða nýbúar, eða Íslendingar líka“. Margbreytileiki nútímasamfélaga og þeirra kerfa sem liggja þeim til grundvallar þarf með öðrum orðum að endurspeglast í mótun þess.

Málfar

Kynningar- og upplýsingaefni skipulags- og framkvæmdarmála er allt á íslensku. Heimasíða Skipulagsstofnunar er einnig á íslensku að undanskilinni einni síðu á ensku með upplýsingum um stofnunina, rekstrarumhverfi hennar og tengiliðaupplýsingum. Allt efni, s.s. auglýsingar, lýsingar og annað kynningarefni sem ætlað er til upplýsinga fyrir almenning í landinu, er því sniðið að íslenskumælandi almenningi en ekki þeim hluta hans sem hefur ekki gott vald á íslenskri tungu.

Samkvæmt Hagstofu Íslands nam heildarfjöldi innflytjenda í ársbyrjun 2020 rúmum 15,2% íbúa landsins eða yfir 55 þúsund manns (Hagstofa Íslands, 2020 og 2020b). Það er því nokkuð stór hópur fólks sem er útilokaður frá því að geta tekið þátt í mótun umhverfis síns, bæði nær og fjær, á grundvelli tungumálakunnáttu. Viðmælendur voru sammála um að skert aðkoma að skipulagsmálum vegna íslenskukunnáttu væri augljós galli sem bæta þyrfti úr fyrir innflytjendur og aðra þá sem ekki búa yfir mikilli íslenskukunnáttu:

Það er náttúrulega ekki gott, því við erum með svo mikið af aðfluttu fólki sem er frábært, og ég er hrifinn af því að við séum að fá aðra menningarstrauma og öðruvísi fólk heldur en við erum sjálf, það bara gerir þjóðfélagið ennþá skemmtilegra.

Á sama tíma bentu viðmælendur á að tungutak skipulags- og framkvæmdamála væri í eðli sínu óþjálmt og því þyrfti ekki síður að bæta upplýsingaaðgengi fyrir þá íbúa landsins sem hefðu ekki gott vald á íslenskri tungu:

Við reynum að gera þetta á eins skýrri íslensku og hægt er, en skipulagsmál eru bara í grunninn mjög flókin, og fyrir svona venjulegan bara Jón Jónsson út í bæ, þá er ekkert auðvelt að skilja þetta og það eru alls konar orð sem maður notar hvergi annars staðar eins og „grenndarkynning“, hvað er það?

Viðmælendur kölluðu þannig eftir því að samhliða þýðingu yfir á önnur tungumál en íslensku myndi eiga sér stað nokkurs konar þýðing yfir á íslenskt „mannamál“ sem greiddi götur hins almenna, íslenskumælandi borgara um torf skipulags-„lingósins“, líkt og einhverjir viðmælenda kölluðu það tungutak sem tíðkast í skipulags- og framkvæmdámálum.

Í viðtölunum var ítrekað að sá texti sem snýr að almenningi, líkt og auglýsingar, þyrfti að endur- og umorða yfir á mannamál og leggja þannig áherslu á aðgengilega framsetningu upplýsinga. Í dag væri höfuðáherslan á lögformlega framsetningu texta sem ekki allir skildu og þar með væri verið að „sinna forminu en ekki því sem á að sinna“, eða upplýsingu til almennings. Þannig segir einn viðmælenda:

Allt of mikið af skipulagsmálum sem eru auglýst eru með einhverjar tilvísanir, einhverjar lagagreinar sem er formlega rétt, en kynningarlega vitlaust, af því við erum ekki að reyna að ná til fólks sem skilur lög og reglugerðir endilega.

Jafnframt kom fram að þó lögformlegar vísanir þyrftu að vera til staðar þyrftu þær ekki að taka „allt plássið“ í textanum heldur nægði að hafa þær sem skírskotanir. Þannig væri hægt að halda lögbundnu formi textans en gera hann um leið aðgengilegri og skiljanlegri fyrir almenning. Áherslan ætti að vera á einfaldar, nákvæmar upplýsingar um efnið og það skipulagsstig sem um væri að ræða. Á þann hátt væri hægt að halda fólki upplýstu frá byrjun til enda þess ferlis sem um ræðir og girða fyrir þann möguleika að upplýsingum sé haldið frá fólki. Ónógar upplýsingar og torræðinn texti sendi misvísandi skilaboð sem leiði til þess að fólk sé oft „tortryggið“, vantroysti upplýsingagjöfinni og þar með þeim að henni standa.

Tímarammi

Langflestir viðmælenda sammæltust um að sá tímarammi og auglýsingavettvangur sem miðað er við og nýttur er í dag, sé barn síns tíma og í raun „úrelt fyrirbrigði“. Þannig segir einn viðmælendi:

Tímaramminn kemur fram þegar skipulagið var kynnt á bæjarskrifstofu milli 8 og 4. Fólk þurfti að fara á staðinn að kynna sér þetta. Núna er þetta bara á netinu á 5 sekúndum. Aðgengileikinn er allt annar. En tímaramminn hefur ekkert breyst.

Breyttir möguleikar til auglýsinga og kynninga bjóði ekki eingöngu upp á breytta nálgun, heldur kalli beinlínis eftir því. Viðmælendur ítrekuðu að einföld stytting eða samræmd breyting á gefnum tíma til auglýsinga skipulagsverkefna væri ekki vænleg til árangurs, heldur þyrfti að aðlaga tímaramma að tegund og umfangi skipulagsverkefna því t.d. það, „að auglýsa litlar aðalskipulagsbreytingar þrisvar sinnum í blöðum er bara alveg út í hött, kostnaðarlega og tímalega séð. Á meðan stærri verkefni þurfa miklu lengri tíma“ svo vitnað sé í orð eins viðmælenda. Þannig töldu viðmælendur almennt að „klæðskera sníða“ þurfi tímaramma að mismunandi verkum og um leið gæta þess að hefta ekki framgang verksins.

Sem dæmi um „stór verkefni“ nefndu viðmælendur verkefni sem falla undir svæðis- og aðalskipulag og þeir flokkuðu sem „langtíma stefnumótun“. Í þeim tilfellum er heildarumfang verksins mikið og sömuleiðis efnið sem því fylgir:

Ef þú ert með kannski yfir 100 síðna plagg: Framtíðarstefnumörkun og slíkt, eins og þessi aðalskipulög eru oft og margir uppdrættir og stórir. Þetta er rosaleg vinna að kynna sér þetta. Þannig að maður veltir fyrir sér: Ætti það kannski að vera lengra ferli?

Umfangsmiklar skipulagsáætlanir kalla þannig á útvíkkun á þeirri nálgun sem beitt er í dag og römmuð er inn með gildandi regluverki. Sá tímarammi sem vitnað er í að stór verkefni krefjist og það ferli kallað er eftir, felur í sér ítarlegri kynningu og meira samráð við almenning sem tekið er tillit til í ákvarðanatöku um framtíðarskipulag stærri eininga samfélagsins. Ferli sem mætti t.d. fela í sér:

Einhverja rýnihópa [...] eða minni hópa eða einhverjar viðhorfskannanir, eða opin hús einu sinni í viku, til þess að fólk hafi nægan tíma til að kynna sér þetta, fá upplýsingar, melta það [...] Því þetta eru stórar ákvarðanir sem er verið að taka í þessum skipulagsáætlunum.

Þær skipulagseiningar sem í mótun eru hverju sinni eru hluti af samfélagi sem teygir sig inn í framtíðina og, samkvæmt viðmælendum, sem flestir ættu að eiga hlutdeild í. Aukið samráð við almenning eykur líkur á sátt um opinbera ákvarðanatöku og „reynslan hefur [sýnt] að það er mjög gott að kynna hlutina oft og fyrir í ferlinu heldur en það sem lögin gera ráð fyrir“, segir einn viðmælenda.

Á sama tíma segist einn viðmælenda „ekki viss um að það sé í rauninni vandinn, tímaramminn þer se, það er miklu meira að menn átti sig á því að upplýsingarnar sé einhvers staðar að finna“. Vettvangur auglýsinganna sé því í raun höfuðatriði og ef fólk viti hvar upplýsingarnar er að finna „þá skiptir svo sem engu máli hvort þú hefur 3 eða 7 vikur“ til að koma upplýsingaefni til almennings.

Vettvangur upplýsinga

Viðmælendur rannsóknarinnar gagnrýndu hefðbundinn vettvangur eða þau svæði sem nýtt hafa verið fyrir auglýsingar skipulagsmála sveitarfélaga. Þannig var Lögbirtingablaðið ekki talið líklegt til að ná til almennings þar sem „það les það enginn“, og bent var á að dagblöð væru á

hröðu undanhaldi sem vettvangur fyrir auglýsingar og tilkynningar. Auglýsingar í blöðum væru væri „að mörgu leyti tilgangslaus“ kvöð sem kostaði almenning „stórfé“.

Ákvæðið á leiðbeiningarblaði Skipulagsstofnunar sem kveður á um að auglýsing um skipulagsverkefni skuli „vera aðgengilegt á netinu“ er að mati þátttakenda ómarkvisst og býður upp á að það sé „tilviljanakennt hvar þær [auglýsingarnar] birtast“ sem takmarki jafnt aðgengi almennings að upplýsingum til muna. Einnig var tekið fram að það að „hengja uppdrættina upp“ á bæjarskrifstofum líkt og tíðkast hefur sé „orðið mjög gamaldags“ aðferð sem nái einungis til fárra, og að öllum líkindum, eldri einstaklinga. Í viðtölunum kom fram að birtingastaðir auglýsinga virtust handahófskenndir og að oft væri „kúnt að fylgjast með“ því hvaða breytingar og framkvæmdir væru á dagskrá:

[Það er hvergi einhver einn staður] [...] þetta er úti um allt. Þú veist, það er auglýst, það er einhver frétt á heimasíðu bæjarins. Svo kemur eitthvað í Lögbirtingablaðinu [...] birtist í auglýsingum í blöðunum og þá eru þetta svona stakar auglýsingar. Í staðinn fyrir, ef þetta væri alltaf einhver miðlægur [vettvangur].

Með öðrum orðum töldu þátttakendur þau svæði sem nýtt hafa verið fyrir auglýsingar skipulagsbreytinga sem eiga að ná til almennings ekki þjóna þeim tilgangi. Það vanti einn, „miðlægur vettvangur“ sem er aðgengilegur öllum.

Viðmælendur voru sammála um að netið væri „það tæki sem flestir nýttu“ og þar með sá vettvangur sem best hentaði í nútíma samfélögum. Netið hefði bæði þann kost að vera „miðlægur vettvangur“ og einnig væri auðveldara að koma bæði auglýsingum og athugasemdum á framfæri á netinu heldur en í „raunheimum“. Áhersla var lögð á að nýta reynsluna sem almenningur hefur öðlast í Covid-19 og nýta áfram og betur „streymisfundi og streymiskynningar“. Kunnáttan væri víðtækari sem aldrei fyrr þar sem „meira að segja eldra fólk [hefði] lært að nota streymið fyrir jarðafarir“. Einn viðmælenda benti á að „netið [væri] líka betra fyrir útlendinga [því það er] erfiðara að standa upp á fundum og segja eitthvað á bjagaðri íslensku“ en að koma því á framfæri á netinu. Einhverjir reifuðu hugmyndir um að nýta mætti samfélagsmiðla fyrir auglýsingar um skipulagsmál en aðrir töldu samfélagsmiðla breytast ört og að þeir væru ekki heppilegir þar sem enginn einn samfélagsmiðill höfðaði jafnt til allra.

Heimasíður sveitarfélaga voru nefndar sem heppilegur vettvangur fyrir auglýsingar um skipulagsmál. Skipulagsmál voru sögð „eiga heima“ á heimasíðunum hvers sveitarfélags líkt

og önnur starfsemi og þjónusta innan þess. Á sama tíma og viðmælendur töldu heimasíðurnar henta í sjálfu sér bentu nokkrir þeirra á að ekki öll sveitarfélög halda heimasíðu úti og að oft vanti töluvert upp á að heimasíðurnar séu aðgengilegar og auðveldar í notkun. Efni heimasíðna sveitarfélaga væri „svona einmitt missýnilegt“ líkt og einn orðaði það og stundum „ekki nokkur leið að finna það“. Lagt var til að samræma útlit og efni heimasíðna sveitarfélaga og gera þær einfaldari í notkun fyrir almenning. Einhverjir drógu í efa að slík vinna myndi skila tilætluðum árangri og viðmælendur „velt[u] fyrir sér með sveitarfélögin, hafa þau bara nægan mannskap til að sinna þessu“, þ.e.a.s. gerð og reglulegri uppfærslu heimasíðna.

Nokkrir viðmælenda töldu eðlilegast að sveitarfélögin auglýstu breytingar á skipulagi en hefðu hlekk yfir á Skipulagsstofnun þar sem hægt væri að finna ítarlegri upplýsingar. Aðrir töldu að sem lögbundið stjórnvald skipulagsmála ætti Skipulagsstofnun að halda úti miðlægri upplýsingaveitu og auglýsingasvæði fyrir allar hlutaðeigandi stofnanir og sveitarfélög, eða með orðum eins þeirra:

Ég held að í þessu tilfelli væri það Skipulagsstofnun sem þyrfti að hýsa gáttina, hún þyrfti að vera aðgengileg, öll sveitarfélög, eða skipulagsstjórar þeirra, þyrftu að hafa aðgang inn á hana og svo náttúrlega allar þessar stofnanir og þessir aðilar sem þurfa að koma að skipulagsmálum, Umhverfisstofnun, Náttúrufæðistofnun, Minjastofnun og allar þessar stofnanir. Ég held að hýsingin þyrfti að eiga sér stað hjá Skipulagsstofnun. Því þar endar allt fyrir rest.

Formið / ferlarnir

Samkvæmt viðmælendum rannsóknarinnar er það fyrirkomulag eða „form“ sem auglýsingar um skipulagsmál fylgja „í sjálfu sér villandi“. Auglýsingarnar lúta ekki einungis reglum um formlegt málfar, birtingarvettvang og – tíma, líkt og fjallað er um að framan, heldur vantar samkvæmt viðmælendum upp á að ferlið sjálf sé gagnsætt. Þannig segir einn þeirra sem viðtalsrannsóknin náði til:

Formið sjálft er villandi: Það er auglýst lýsing. Og þá fær maður [almenningur] rosalega oft [á tilfinninguna] að þetta sé síðasta skrefið. Bara: Er búið að samþykkja skipulagið og mér var ekki sagt neitt? En þá er það bara lýsingin.

Með öðrum orðum liggur ekki ljóst fyrir hvaða skref í ferlinu er verið að auglýsa. Auglýsingin er birt á þann hátt að almenningur misskilji hvað sé verið að auglýsa og hvar í ferlinu

skipulagsverk séu stödd og telja oft á tíðum fram hjá sér gengið. Formið býður þannig upp á misskilning sem getur af sér vantraust á skipulagsaðilum. Þess vegna sé nauðsynlegt að tryggja gagnsæi í ferlinu öllu og upplýsa almenning skilmerkilega hvað sé verið að auglýsa hverju sinni:

Ef það væri til dæmis um leið og það færi af stað auglýsing: Við erum að fara að gera deiliskipulög, þá kæmi auglýsing um lýsingu og svo héngi þetta inni. Það er svolítið þannig í umhverfismatsferlinu en ekki skipulagsferlinu. Þú gengir bara inn í: Þarna er deiliskipulag að fara af stað. Og svo kæmi næsta auglýsing og næsta og þá sæirðu þetta ferli.

Samhliða auglýsingunum þurfi sem sagt að leiða almenning í gegnum ferlið. Eins og er er fyrirkomulagið „allt of flókið en getur verið miklu, miklu einfaldara“ og um leið minnka kostnað. Í stuttu máli telja viðmælendur þurfa að auka gagnsæi, fækka skrefum og stytta tímum sem auglýsingaferlið tekur. Lögbundnir ferlar séu torskildir og erfitt sé fyrir almenna borgara að átta sig á þeim kröfum og um leið tækifærum sem þeim bjóðast. Verklagið og verklagsformið sem í dag er krafist vegna skipulagsbreytinga er þannig háttáð að það fæli almenning frá samtali við skipulagsyfird. Einn þeirra viðmælenda sem rannsóknin náði til sagði t.a.m.:

Þegar maður fer að útskýra fyrir fólki, hvernig ferlarnir eru og hvað þetta taki langan tíma og hvernig og hvað þetta sé, þá bara hætta sumir við. Þeir segja bara: Þetta er allt of, allt of flókið, ég nenni þessu ekki. [...] til að byggja sólstofu eða byggja við hús eða byggja bílskúr, og breyta deiliskipulagi er bara margra, margra, margra mánaða vinna. Kostar fullt af pening og endalaus flækjustig.

Samkvæmt viðmælendum eykur kerfið líkurnar á að almenningur ráðist frekar í ósamþykktar smáframkvæmdir, veigri sér við stærri breytingum á eigin húsnæði og taki síður þátt í samráði um deili-, aðal- og svæðisskipulag. Þannig sé kerfið hannað kerfisins vegna og einungis starfsfólk sama kerfis sem geti unnið innan þess.

Til viðbótar auglýsingaferlunum sjálfum þarf að gera ráð fyrir að athugasemdir sem berast í kjölfar auglýstra breytinga krefjist viðbótar vinnu og tíma.

Ef það koma athugasemdir þarf að bregðast við þeim. Sveitarstjórn þarf að samþykkja, svo þarf að senda það allt til aðila um að [athugasemdum] hafi verið svarað o.s.frv. og ef sveitarstjórn felst á það að það séu gerðar meiriháttar breytingar [...] þá þarf að auglýsa upp á nýtt.

Skipulagsferlarnir og sú vinna sem falin er í verkferlum skipulagsbreytinga getur þannig krafist umtalsvert meiri tíma, vinnu og þar með fjármagns en einstaka liðir ferlanna segja til um svo

sem tímarammi auglýsinga. Endanleg umsvif ráðast af tegund verks og athugasemdum og hvort brugðist sé við þeim.

Umfang og eðli allra verka ræðst þó ekki eingöngu af verkinu sjálfu heldur einnig því sveitarfélagi sem um ræðir. Landfræðileg stærð sveitarfélagsins, framkvæmdapörf og fjöldi íbúa hafa þar áhrif:

Þú ert með þéttbýli en svo geturðu verið með eins og fyrir norðan, ertu með risastór sveitarfélög eins og Þingeyjasveit og Skútustaðahreppur, þetta er landfræðilega mjög stór svæði, en kannski bara eittvað hundruð íbúa.

Viðhorf til samráðs og úrbætur

Viðmælendur rannsóknarinnar voru langflestir sammála um að samráð við almenning um skipulagsmál heyrði til grundvallaratriða nútímasamfélaga. Þeir töldu einsýnt að samráð „ýtti undir þetta íbúalýðræði sem við náttúrulega bara viljum búa við“ líkt og einn orðaði það. Skipulagsmál almennt móti undirstöður fyrir daglegt líf almennings þar sem „það skiptir bara svo miklu máli hvernig við eyðum okkar dags-daglega lífi og hvað hefur áhrif á okkar dags-daglegu venjur“. Sem dæmi var talað um aðgengi að leikskóla, skóla, þjónustu, vinnu og, síðast en ekki síst, þjónustu við eldri borgara. Skipulag umhverfisins, bæði nær- og fjær, mynda þannig grunnstoðir daglegt líf alls almennings út lífið.

Viðmælendur áréttuðu mikilvægi þess að við mótun samráðs væri hvert skref og þar að lútandi efnisatriði skipulagskerfisins tekið til endurskoðunar. Fyrsta skref í endurskoðun og –mótun samráðsferlisins væri að skilgreina og setja fram markmið með samráði við almenning. Þannig segir einn viðmælenda ótækt að skipulag sé ákveðið „út af einhverjum sérhagsmunum einhverra byggingaraðila eða framkvæmdaraðila eða eitthvað slíkt, það er [...] ekki nægilega vel sett fram hverjir eru hagsmunir heildarinnar“ og hverjum samráðið á raunverulega að þjóna. Tilgangurinn með samráði og í hverju það felst ætti því að mynda forsendu þess og setja tóninn fyrir samráðsferlið í heild sinni.

Þá þurfi að seta á laggirnar vel útfærða og notendavæna upplýsingaveitu til almennings með auðveldu aðgengi að verklýsingum og auglýsingum um skipulagsþróun. Auðvelt aðgengi þyrfti að vera á heimasíðum sveitarfélaga og Skipulagsstofnunar. Í viðtölunum var lögð áhersla á að upplýsingar myndi grundvallarforsendu samráðs. Rætt var að auglýsingar um breytingar þyrftu

að vera sýnilegar og fólk væri leitt í gegnum hvert skref ferlisins. Málfar þyrfti að vera skýrt og einfalt og tímarammi sömuleiðis skilmerkilega fram settur. „Fræðslan og samráðið þurfa svo að eiga sér stað út allt skipulags- og framkvæmdaferlið“ líkt og einn orðaði það. Að öðrum kosti fær fólk á tilfinninguna „að það sé bara búið að ákveða þetta“ að hluta til eða í heild sinni. Á meðan á heildarferlinu stendur þarf að tryggja það að almenningur:

Upplifi að það sé verið að hlusta, og af því að [...] auðvitað maður vill að það sé hlustað á mann, þó maður gerir sér náttúrlega grein fyrir að það er ekki hægt að bregðast við öllu sem maður leggur fram.

Þannig þarf að bregðast aktívt við athugasemdum og fyrirspurnum almennings, annað hvort með aðgerðum eða orðum. Ef ekki er farið í breytingar á „áformum og framkvæmdum“ þurfi skrifleg viðbrögð skipulagsaðila að vera sýnileg almenningi. Gagnsæi í ferlinu öllu skiptir því höfuðmáli því að öðrum kosti er „sáð fræjum tortryggni“ og andstöðu við skipulagsyfirvöld.

Undirbúningur samráðs og mismunandi samráðsaðferðir voru ræddar í viðtölunum. Viðmælendur voru á einu máli um að klæðskerasníða þyrfti hvert verkefni fyrir sig eftir umfangi, þ.e. stærð, staðsetningu og kostnaði svo eitthvað sé nefnt. Mikilvægt væri að ákveðið samtal ætti sér stað á milli fagaðila og út frá því yrði ákveðið hvaða aðferð hentaði hverju verkefni best hverju sinni. Í upphafi verks mætti stofna „verkefnaráð“ sem skipuð væru fagaðilum ásamt t.d. „helstu hagaðilum á svæðinu, háskólasamfélaginu“ sem og þeim samtökum sem stæðu að málaflokknum hverju sinni s.s. náttúruverndarsamtökum / íbúasamtökum til þess að undirbúa verkefnið. Þannig gætu „allir [verkefnaráðið] miðlað svona upplýsingunum um hvaða hagsmunir eru á þessu svæði og hvaða framkvæmdir fylgja og annað“.

Nokkrir viðmælenda bentu á að gott væri að hafa samráð við almenning strax á hugmynda- og hönnunarstigi verkefna. Þannig mætti safna hugmyndum frá almenningi „bara eins og með gulu-miða aðferðum, sem eru svolítið bara fyrsta skref, einhvers konar pöntunarlisti“ eða hugmyndagáttum eða –keppnum á netinu. Önnur hugmynd að fyrsta skrefi var að þreifa „á einhverjum svona púlssi, eins og þessar viðhorfskannanir sem er alltaf verið að gera“ áður en lagt væri af stað í nánar útfærðara samráð.

Stærri verkefni, s.s. svæðis- og aðalskipulagsmál, voru talin þarfnast víðtækari aðkomu en deiliskipulagsverkefni. Dæmi um samráð vegna aðalskipulags voru sérstakir „vinnuhópar“ nefndir sem tímafrek en dýrmæt leið að samtali við ólíka samfélagshópa til að leita lausna í skipulags- og stefnumótun:

Það var byrjað á ráðstefnu [...] og svo voru búnir til vinnuhópar [...] Þetta voru fulltrúar fyrir eitthvað félag, eða einhvern hóp af fólki [...] íbúasamtök o.fl. [...]. Við vorum alltaf með einhver málefni á fundi þar sem var rætt hvernig er hægt að leysa þetta. Síðan fór hver fulltrúi í sitt félag og þar var hluturinn ræddur og svo var komið aftur til baka á næsta fund. Markmiðið var allan tímann að ræða lausnir.

Samráðsferlið sem hér er lýst var vinna ólíkra hópa með sett markmið; að leita lausna fyrir sameiginlegt landsvæði. Vinnan fólst í mismunandi rýni hvers hóps út frá hagsmunum og sérþekkingu hópsins. Rýnin og samráðið takmörkuðust ekki við sameiginlega fundi eingöngu heldur var mögulegra lausna einnig leitað innan félaganna og utan samráðarýmis. Með þeim hætti var einnig fleiri samráðsaðilum hleypt að vinnunni sem gaf rými fyrir breiðara sjónarhorn.

Samráð um smærri skipulagsverkefni, líkt og þau sem heyra undir „deiliskipulag í miðri byggð“, voru almennt talin hæfileg verkefni fyrir fastmótaða, staðbundna „rýnihópa í hverfinu“, þ.e.a.s. rýnihópafundi með íbúum ákveðinna hverfa og þeim skipulagsaðilum sem koma að breytingum. Sem dæmi var nefnt að halda íbúafund með almennri kynningu á skipulagsbreytingunum, skiptingu þátttakenda í smærri hópa þar sem tillagan, kostir hennar og gallar, er rýnd og loks samantekt eða kosningu um meginniðurstöður rýninnar. Loks þyrfti að kynna fyrir þátttakendum hvort og þá hvernig tekið hafi verið tillit til niðurstaðna rýnifundarins. Bent var á að gæta þyrfti jafnræðis við val þátttakendi í rýnihópa:

Þú þarft að vera með fólk sem hefur breiða hagsmuni og skírskotun. Þú getur valið að vera með eitthvað úrtak, en einnig að bjóða líka bara almennum íbúum að, þeim sem hafi áhuga að fá að taka þátt.

Val þátttakenda sem einskorðaðist við að vera með þátttakendur sem kæmu „af götunni“ eða að eigin frumkvæði gæti haft þann galla í för með sér að í rýnihópana veldust einstaklingar þröngra sjónarmiða og hagsmuna á kostnað annarra og breiðari hagsmuna.

Hefðbundnir kynningarfundir meðal íbúa hverfa voru almennt taldir úreltir í sinni hefðbundnu mynd en einhverjir töldu að tímabundið mætti halda þeim til haga um leið og útfærslur á nútíma samráði við almenning ættu sér stað. Þannig mætti nýta gamaldags aðferðir í kynningarmálum skipulagsbreytinga sem nokkurs konar umskiptafasa.

Einhverjir bentu á að í samráði við almenning nútímans þyrfti í mörgum tilfellum að gera ráð fyrir fleiri en einni samráðsaðferð sem nýttar væru á sama tíma. Þannig mætti halda hefðbundna „íbúafundi“, „kynningar fyrir hverfisráðum“, „einn opinn fund eða opin hús“ eða

„einhverja svona mismunandi möguleika og staðsetningar“ til þess að ná til sem flestra. Blandaðar aðferðir í raun- og netheimum voru einnig taldar ákjósanlegar í nútíma samfélagi þar sem enn mætti gera ráð fyrir að einhverjir íbúar búi ekki yfir góðri netkunnáttu og aðrir eigi illa heimangengt svo eitthvað sé nefnt.

Einn viðmælandi rannsóknarinnar var þeirrar skoðunar að ekki væri þörf á breiðu samráði með almenningi á kostnað kerfisins:

En í grunninn, þá finnst mér það svona sem borgari í landinu, þá verð ég að treysta því að embættismenn og þetta apparat tryggi að það sé ekki gengið á hagsmuni mína. Að ég þurfi ekki að vera þarna sérfróð í einhverjum málefnum [...]. Og mér finnst það veikja embættismannakerfið, í raun og veru þyrfti að efla það og þeir fría sig svolítið ábyrgð, það er eitthvað svona viðkvæmt.

Með öðrum orðum taldi viðmælandinn að með samráði við almenning væri verið að velta skipulagsábyrgðinni af kerfinu og yfir á almenna borgara. Starfsfólk skipulagskerfisins væri til þess menntað að vera „sérfrótt“ í skipulagsmálum og kerfið sniðið að hagsmunum almennings. Allir aðrir viðmælendur lögðu líkt og áður sagði áherslu á að þróun útfærslna á samráði við almenning um skipulagsmál væri liður í eflingu lýðræðis í landinu. Lýðræði væri byggt á upplýstu samtali og samráði borgaranna við samfélagsstofnanir. Með samráðinu yrði „dregið úr þessari pólarísingunni“ sem myndast á milli hópa og átökum um skipulagsmál. Samráð myndi auka líkur á „sátt og samlyndi“ og öll upplýsing sé til þess fallin að auka skilning og sátt við þær framkvæmdir sem ráðist er í:

Svo er þetta alltaf að þú veist, að hlusta, en á endanum er svo tekin ákvörðun og maður er kannski tilbúinn að sætta sig við hana, ef maður upplifir að það sé hlustað á mann í ákvörðunartökuferlinu.

Töluverð reynsla var meðal viðmælenda af samráði og þróun samráðsaðferða. Viðmælendur undirstrikuðu mikilvægi samtals Skipulagsstofnunar og fagaðila um þróun og útfærslu samráðsaðferða þannig að sátt ríkti um verkefnið. Sem dæmi um samráðsverkefni var samráð Reykjavíkurborgar um uppbyggingu Ártúnshöfða og Elliðavogs nefnt. Bent var á heimasíðu verkefnisins þar sem greinargóðar upplýsingar um verkefnið og þau skref sem það felur í sér er að finna á íslensku, ensku, pólsku o.fl. tungumálum (Samráð Reykjavík, e.d.).



HEIMILDIR

Creswell, J. W (2012). *Educational Research: Planning, Conducting, Evaluating Quantitative and Qualitative Research* (4. útg.). Boston: Pearson Education.

Hagstofa Íslands (2020). Innflytjendur 15,2% íbúa landsins. Sótt af:
<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldi-eftir-bakgrunni-2020/>

Hagstofa Íslands (2020b). Landsmönnum fjölga um 2,0% á milli ára. Sótt af:
<https://hagstofa.is/utgafur/frettasafn/mannfjoldi/mannfjoldinn-1-januar-2020/>

Samráð Reykjavík (e.d.). Sótt af: <https://samrad.reykjavik.is/samrad/>

Skipulagslög nr. 123/2010. Sótt af: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2010123.html>

Skipulagsreglugerð nr. 90/2013. Sótt af: <https://www.reglugerd.is/reglugerdir/allar/nr/90-2013>

Skipulagsstofnun (e.d.). Sótt af: www.skipulag.is

Skipulagsstofnun (2012). Svæðisskipulag, leiðbeiningablað 5a. Sótt af:
https://www.skipulag.is/media/skipulagsmal/Svaedisskipulagsferli_2012_small.pdf

Skipulagsstofnun (2012a). Aðalskipulag, leiðbeiningablað 5b. Sótt af:
https://www.skipulag.is/media/skipulagsmal/Adalskipulagsferli2012_ferli-copy_small.pdf

Skipulagsstofnun (2015) https://www.skipulag.is/media/skipulagsmal/dsk_ferli_2015.pdf

Skipulagsstofnun stefna 2019-2023 (e.d.). Sótt af: https://www.skipulag.is/media/pdf-skjol/Skipulagsstofnun_stefna_2019-2023.pdf

VIÐAUKI

Tafla i. Telur þú þig hafa mikla eða litla þekkingu á því hvernig samráð við almenning við skipulagsgerð sveitarfélaga og umhverfismat framkvæmda fer fram?

| | Mikla | Hvorki né | Litla | Fjöldi eftir vigtun | Fjöldi fyrir vigtun | Mikla þekkingu |
|--|-------|-----------|-------|---------------------|---------------------|----------------|
| Heild | 14% | 26% | 60% | 727 | 731 | 14% |
| Kyn** | | | | | | |
| Karl | 18% | 26% | 56% | 376 | 395 | 18% |
| Kona | 10% | 25% | 65% | 351 | 336 | 10% |
| Aldur | | | | | | |
| 18-29 ára | 12% | 22% | 65% | 207 | 85 | 12% |
| 30-44 ára | 13% | 22% | 64% | 139 | 198 | 13% |
| 45-59 ára | 17% | 30% | 53% | 172 | 259 | 17% |
| 60 ára og eldri | 14% | 28% | 58% | 184 | 164 | 14% |
| Búseta** | | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 13% | 22% | 64% | 455 | 473 | 13% |
| Landsbyggð | 16% | 31% | 53% | 273 | 258 | 16% |
| Hjúskaparstaða* | | | | | | |
| Einhleyp(ur) | 16% | 22% | 62% | 126 | 86 | 16% |
| Í sambúð | 5% | 27% | 68% | 146 | 110 | 5% |
| Í hjónabandi/staðfestri samvist | 16% | 27% | 58% | 345 | 414 | 16% |
| Skilin(n) eða ekkill/ekkjia | 16% | 29% | 55% | 93 | 100 | 16% |
| Börn á heimili | | | | | | |
| Engin börn á heimilinu | 14% | 26% | 60% | 499 | 483 | 14% |
| Börn á heimilinu | 15% | 25% | 60% | 213 | 232 | 15% |
| Menntun** | | | | | | |
| Grunnskólanám | 7% | 24% | 69% | 161 | 59 | 7% |
| Verklegt nám á framhaldsskólastigi | 13% | 31% | 56% | 240 | 257 | 13% |
| Háskólanám | 17% | 26% | 57% | 251 | 343 | 17% |
| Staða á vinnumarkaði | | | | | | |
| Í launuðu starfi | 13% | 27% | 59% | 350 | 398 | 13% |
| Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi | 22% | 31% | 47% | 62 | 73 | 22% |
| Í námi | 14% | 17% | 70% | 52 | 20 | 14% |
| Annað | 12% | 25% | 63% | 248 | 225 | 12% |
| Starfsstétt* | | | | | | |
| Stjórnendur og sérfræðingar | 22% | 27% | 51% | 180 | 249 | 22% |
| Iðnaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk | 14% | 26% | 60% | 94 | 110 | 14% |
| Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk | 12% | 27% | 61% | 108 | 90 | 12% |
| Bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk | 5% | 29% | 65% | 68 | 52 | 5% |
| Heimilistekjur | | | | | | |
| Lægrí en 501 þús. kr. | 10% | 28% | 61% | 148 | 109 | 10% |
| 501-700 þús. kr. | 19% | 21% | 60% | 102 | 92 | 19% |
| 701-900 þús. kr. | 10% | 29% | 62% | 88 | 87 | 10% |
| 901 þús.-1,3 milljónir kr. | 16% | 26% | 58% | 131 | 145 | 16% |
| Hærrí en 1,3 milljónir kr. | 18% | 21% | 61% | 138 | 172 | 18% |
| Húsnæði | | | | | | |
| Í eigin húsnæði í sérbyli | 15% | 28% | 56% | 305 | 365 | 15% |
| Í eigin húsnæði í fjölbyli | 10% | 27% | 62% | 221 | 211 | 10% |
| Í foreldrahúsum eða annarra ættingja | 15% | 17% | 68% | 51 | 26 | 15% |
| Í leiguhúsnæði | 16% | 27% | 57% | 86 | 66 | 16% |
| Ár í sveitarfélagi** | | | | | | |
| Fimm ár eða skemur | 9% | 18% | 74% | 120 | 89 | 9% |
| 6-10 ár | 19% | 35% | 46% | 76 | 60 | 19% |
| 11-20 ár | 10% | 25% | 64% | 113 | 126 | 10% |
| 21-30 ár | 17% | 24% | 59% | 106 | 104 | 17% |
| Lengur en 30 ár | 15% | 32% | 54% | 247 | 290 | 15% |

Marktækur munur er á höpum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla 12. Finnst þér skipta miklu eða litlu máli að gefa almenningi kost á að koma á framfæri athugasemdum og hugmyndum áður en ákvarðanir eru teknar um skipulag og framkvæmdir?

| | Miklu | Hvorki né | Litlu | Fjöldi eftir vigtun | Fjöldi fyrir vigtun | Skiptir miklu máli |
|--|-------|-----------|-------|---------------------|---------------------|--------------------|
| Heild | 93% | 5% | 3% | 743 | 743 | 93% |
| Kyn | | | | | | |
| Karl | 91% | 5% | 4% | 379 | 397 | 91% |
| Kona | 94% | 4% | 2% | 365 | 346 | 94% |
| Aldur | | | | | | |
| 18-29 ára | 93% | 6% | 1% | 216 | 88 | 93% |
| 30-44 ára | 94% | 3% | 3% | 138 | 199 | 94% |
| 45-59 ára | 93% | 5% | 2% | 174 | 262 | 93% |
| 60 ára og eldri | 93% | 2% | 5% | 188 | 168 | 93% |
| Búseta | | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 94% | 3% | 3% | 464 | 480 | 94% |
| Landsbyggð | 91% | 6% | 3% | 279 | 263 | 91% |
| Hjúskaparstaða | | | | | | |
| Einhleyp(ur) | 93% | 6% | 0% | 134 | 89 | 93% |
| Í sambúð | 92% | 5% | 3% | 147 | 111 | 92% |
| Í hjónabandi/staðfestri samvist | 93% | 4% | 3% | 347 | 418 | 93% |
| Skilin(n) eða ekkill/ekkja | 92% | 3% | 4% | 95 | 103 | 92% |
| Börn á heimili | | | | | | |
| Engin börn á heimilinu | 94% | 4% | 2% | 509 | 492 | 94% |
| Börn á heimilinu | 90% | 6% | 4% | 217 | 234 | 90% |
| Menntun** | | | | | | |
| Grunnskólanám | 97% | 2% | 1% | 165 | 60 | 97% |
| Verklegt nám á framhaldsskólastigi | 88% | 8% | 4% | 246 | 262 | 88% |
| Háskólanám | 95% | 3% | 2% | 252 | 344 | 95% |
| Staða á vinnumarkaði | | | | | | |
| Í launuðu starfi | 93% | 4% | 3% | 354 | 404 | 93% |
| Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi | 91% | 5% | 4% | 61 | 72 | 91% |
| Í námi | 91% | 9% | 0% | 60 | 22 | 91% |
| Annað | 93% | 4% | 3% | 253 | 230 | 93% |
| Starfsstétt | | | | | | |
| Stjórnendur og sérfræðingar | 92% | 5% | 3% | 182 | 251 | 92% |
| Lónaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk | 95% | 2% | 3% | 94 | 112 | 95% |
| Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk | 94% | 5% | 0% | 108 | 90 | 94% |
| Bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk | 92% | 1% | 7% | 69 | 52 | 92% |
| Heimilistekjur* | | | | | | |
| Lægrí en 501 þús. kr. | 96% | 3% | 1% | 157 | 113 | 96% |
| 501-700 þús. kr. | 90% | 2% | 8% | 104 | 94 | 90% |
| 701-900 þús. kr. | 93% | 4% | 3% | 90 | 89 | 93% |
| 901 þús.-1,3 milljónir kr. | 95% | 3% | 2% | 133 | 147 | 95% |
| Hærrí en 1,3 milljónir kr. | 94% | 4% | 2% | 136 | 171 | 94% |
| Húsnæði | | | | | | |
| Í eigin húsnæði í sérbýli | 94% | 3% | 3% | 306 | 366 | 94% |
| Í eigin húsnæði í fjölbýli | 90% | 7% | 3% | 224 | 214 | 90% |
| Í foreldrahúsum eða annarra ættingja | 93% | 7% | 0% | 57 | 28 | 93% |
| Í leiguhúsnæði | 97% | 1% | 2% | 88 | 68 | 97% |
| Ár í sveitarfélagi** | | | | | | |
| Fimm ár eða skemur | 95% | 2% | 3% | 120 | 89 | 95% |
| 6-10 ár | 95% | 2% | 3% | 81 | 61 | 95% |
| 11-20 ár | 86% | 12% | 1% | 116 | 129 | 86% |
| 21-30 ár | 95% | 3% | 2% | 107 | 106 | 95% |
| Lengur en 30 ár | 94% | 3% | 3% | 248 | 292 | 94% |

Marktækur munur er á höpum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla iii. Hversu mikinn eða lítinn áhuga hefur þú almennt á að taka þátt í samráði um skipulagsgerð sveitarfélaga eða umhverfismat framkvæmda?

| | Mikinn | Hvorki né | Litinn | Fjöldi eftir vigtun | Fjöldi fyrir vigtun | Mikinn áhuga |
|--|--------|-----------|--------|---------------------|---------------------|--------------|
| Heild | 42% | 37% | 21% | 738 | 740 | 42% |
| Kyn | | | | | | |
| Karl | 45% | 37% | 18% | 377 | 396 | 45% |
| Kona | 39% | 38% | 24% | 361 | 344 | 39% |
| Aldur | | | | | | |
| 18-29 ára | 36% | 39% | 25% | 209 | 85 | 36% |
| 30-44 ára | 38% | 41% | 21% | 140 | 200 | 38% |
| 45-59 ára | 46% | 39% | 15% | 175 | 263 | 46% |
| 60 ára og eldri | 48% | 32% | 20% | 186 | 166 | 48% |
| Búseta | | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 40% | 38% | 22% | 460 | 477 | 40% |
| Landsbyggð | 44% | 36% | 20% | 278 | 263 | 44% |
| Hjúskaparstaða* | | | | | | |
| Einhleyp(ur) | 37% | 37% | 26% | 130 | 88 | 37% |
| Í sambúð | 33% | 43% | 25% | 146 | 110 | 33% |
| Í hjónabandi/staðfestri samvist | 47% | 35% | 17% | 349 | 419 | 47% |
| Skilin(n) eða ekkill/ekkjá | 41% | 39% | 20% | 94 | 102 | 41% |
| Börn á heimili | | | | | | |
| Engin börn á heimilinu | 43% | 38% | 19% | 503 | 489 | 43% |
| Börn á heimilinu | 39% | 37% | 24% | 219 | 235 | 39% |
| Menntun*** | | | | | | |
| Grunnskólanám | 26% | 54% | 20% | 167 | 61 | 26% |
| Verklegt nám á framhaldsskólastigi | 46% | 32% | 22% | 239 | 259 | 46% |
| Háskólanám | 47% | 33% | 20% | 252 | 344 | 47% |
| Staða á vinnumarkaði | | | | | | |
| Í launuðu starfi | 39% | 39% | 22% | 356 | 405 | 39% |
| Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi | 57% | 32% | 11% | 61 | 72 | 57% |
| Í námi | 37% | 43% | 20% | 55 | 20 | 37% |
| Annað | 43% | 36% | 21% | 252 | 229 | 43% |
| Starfsstétt | | | | | | |
| Stjórnumendur og sérfræðingar | 45% | 36% | 20% | 181 | 250 | 45% |
| Lónaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk | 41% | 39% | 20% | 95 | 112 | 41% |
| Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk | 45% | 31% | 25% | 108 | 90 | 45% |
| Bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk | 36% | 48% | 16% | 69 | 53 | 36% |
| Heimilistekjur** | | | | | | |
| Lægri en 501 þús. kr. | 37% | 48% | 15% | 152 | 111 | 37% |
| 501-700 þús. kr. | 42% | 29% | 30% | 105 | 95 | 42% |
| 701-900 þús. kr. | 42% | 33% | 25% | 89 | 87 | 42% |
| 901 þús.-1,3 milljónir kr. | 46% | 43% | 10% | 133 | 147 | 46% |
| Hærrí en 1,3 milljónir kr. | 45% | 36% | 20% | 138 | 172 | 45% |
| Húsnæði*** | | | | | | |
| Í eigin húsnæði í sérbýli | 51% | 30% | 19% | 305 | 366 | 51% |
| Í eigin húsnæði í fjölbýli | 33% | 46% | 21% | 223 | 213 | 33% |
| Í foreldrahúsum eða annarra ættingja | 48% | 35% | 17% | 57 | 28 | 48% |
| Í leiguhúsnæði | 26% | 48% | 26% | 85 | 67 | 26% |
| Ár í sveitarfélagi*** | | | | | | |
| Fimm ár eða skemur | 34% | 40% | 25% | 118 | 89 | 34% |
| 6-10 ár | 34% | 47% | 19% | 81 | 61 | 34% |
| 11-20 ár | 33% | 53% | 14% | 116 | 129 | 33% |
| 21-30 ár | 49% | 26% | 25% | 107 | 105 | 49% |
| Lengur en 30 ár | 49% | 32% | 19% | 249 | 292 | 49% |

Marktækur munur er á höpum; * $p < 0,05$, ** $p < 0,01$, *** $p < 0,001$

óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla iv. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að almenningur geti með samráði haft mikil eða lítil áhrif á skipulag og framkvæmdir í sínu nærumhverfi (t.d. íbúðarhverfinu)?

| | Mikil | Hvorki né | Lítill | Fjöldi eftir vigtun | Fjöldi fyrir vigtun | Mikil áhrif |
|--|-------|-----------|--------|---------------------|---------------------|-------------|
| Heild | 48% | 25% | 27% | 720 | 718 | 48% |
| Kyn* | | | | | | |
| Karl | 43% | 26% | 31% | 368 | 386 | 43% |
| Kona | 53% | 24% | 23% | 352 | 332 | 53% |
| Aldur** | | | | | | |
| 18-29 ára | 49% | 33% | 18% | 208 | 83 | 49% |
| 30-44 ára | 49% | 19% | 32% | 129 | 187 | 49% |
| 45-59 ára | 48% | 25% | 27% | 173 | 259 | 48% |
| 60 ára og eldri | 46% | 22% | 33% | 184 | 163 | 46% |
| Búseta* | | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 51% | 22% | 27% | 450 | 464 | 51% |
| Landsbyggð | 44% | 30% | 26% | 270 | 254 | 44% |
| Hjúskaparstaða | | | | | | |
| Einhleyp(ur) | 43% | 35% | 22% | 129 | 84 | 43% |
| Í sambúð | 45% | 27% | 28% | 141 | 105 | 45% |
| Í hjónabandi/staðfestri samvist | 51% | 23% | 27% | 339 | 409 | 51% |
| Skilin(n) eða ekkill/ekkja | 51% | 19% | 31% | 93 | 100 | 51% |
| Börn á heimili* | | | | | | |
| Engin börn á heimilinu | 47% | 28% | 25% | 496 | 478 | 47% |
| Börn á heimilinu | 52% | 19% | 29% | 209 | 224 | 52% |
| Menntun | | | | | | |
| Grunnskólanám | 44% | 30% | 26% | 163 | 59 | 44% |
| Verklegt nám á framhaldsskólastigi | 46% | 25% | 29% | 240 | 256 | 46% |
| Háskólanám | 52% | 24% | 24% | 243 | 331 | 52% |
| Staða á vinnumarkaði** | | | | | | |
| Í launuðu starfi | 48% | 26% | 26% | 341 | 389 | 48% |
| Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi | 47% | 28% | 25% | 60 | 71 | 47% |
| Í námi | 64% | 31% | 5% | 57 | 21 | 64% |
| Annað | 44% | 22% | 33% | 248 | 223 | 44% |
| Starfsstétt | | | | | | |
| Stjórnendur og sérfræðingar | 53% | 21% | 26% | 173 | 241 | 53% |
| Lönaðarmenn, tæknar og sérmenntað starfsfólk | 44% | 25% | 31% | 94 | 111 | 44% |
| Skrifstofu-, sölu- og þjónustufólk | 50% | 26% | 24% | 106 | 87 | 50% |
| Bændur, fiskimenn, véla- og verkafólk | 43% | 40% | 17% | 63 | 49 | 43% |
| Tekjur einstaklings | | | | | | |
| Lægri en 301 þús. kr. | 45% | 34% | 21% | 114 | 73 | 45% |
| 301-500 þús. kr. | 47% | 21% | 32% | 207 | 176 | 47% |
| 501-700 þús. kr. | 50% | 26% | 24% | 136 | 148 | 50% |
| 701 þús-1 milljón kr. | 53% | 22% | 25% | 128 | 163 | 53% |
| Hærrí en 1 milljón kr. | 50% | 13% | 38% | 41 | 53 | 50% |
| Heimilistekjur** | | | | | | |
| Lægri en 501 þús. kr. | 50% | 28% | 22% | 153 | 110 | 50% |
| 501-700 þús. kr. | 39% | 27% | 34% | 100 | 90 | 39% |
| 701-900 þús. kr. | 50% | 31% | 19% | 85 | 83 | 50% |
| 901 þús-1,3 milljónir kr. | 53% | 23% | 25% | 128 | 142 | 53% |
| Hærrí en 1,3 milljónir kr. | 51% | 13% | 36% | 136 | 168 | 51% |

Marktækur munur er á hópum; *p < 0,05, **p < 0,01, ***p < 0,001
óg merkir að gögnin uppfylltu ekki forsendur marktæktarprófs.

0% 25% 50% 75% 100%

Tafla v. Þegar á heildina er litið, myndir þú segja að almenningur geti með samráði haft mikil eða lítil áhrif á skipulag og framkvæmdir í sveitarfélaginu?

| | Mikil | Hvorki né | Lítill | Fjöldi eftir vigtun | Fjöldi fyrir vigtun | Mikil áhrif |
|--|-------|-----------|--------|---------------------|---------------------|-------------|
| Heild | 31% | 33% | 35% | 720 | 717 | 31% |
| Kyn | | | | | | |
| Karl | 32% | 31% | 37% | 371 | 388 | 32% |
| Kona | 31% | 36% | 33% | 350 | 329 | 31% |
| Aldur* | | | | | | |
| 18-29 ára | 27% | 43% | 30% | 208 | 83 | 27% |
| 30-44 ára | 31% | 30% | 39% | 131 | 188 | 31% |
| 45-59 ára | 34% | 26% | 40% | 172 | 258 | 34% |
| 60 ára og eldri | 34% | 31% | 35% | 183 | 162 | 34% |
| Búseta | | | | | | |
| Höfuðborgarsvæði | 29% | 33% | 38% | 449 | 463 | 29% |
| Landsbyggð | 35% | 34% | 30% | 271 | 254 | 35% |
| Hjúskaparstaða** | | | | | | |
| Einhleyp(ur) | 19% | 39% | 42% | 129 | 84 | 19% |
| Í sambúð | 25% | 42% | 32% | 141 | 105 | 25% |
| Í hjónabandi/staðfestri samvist | 38% | 29% | 33% | 340 | 409 | 38% |
| Skilin(n) eða ekkill/ekkja | 31% | 30% | 39% | 92 | 99 | 31% |
| Börn á heimili | | | | | | |
| Engin börn á heimilinu | 30% | 33% | 37% | 493 | 475 | 30% |
| Börn á heimilinu | 33% | 35% | 31% | 212 | 226 | 33% |
| Menntun | | | | | | |
| Grunnskólanám | 25% | 40% | 35% | 165 | 60 | 25% |
| Verklegt nám á framhaldsskólastigi | 30% | 33% | 37% | 238 | 254 | 30% |
| Háskólanám | 35% | 32% | 32% | 243 | 332 | 35% |
| Staða á vinnumarkaði** | | | | | | |
| Í launuðu starfi | 34% | 30% | 35% | 341 | 388 | 34% |
| Sjálfstætt starfandi/atvinnurekandi | 34% | 34% | 31% | 61 | 72 | 34% |
| Í námi | 13% | 55% | 33% | 57 | 21 | 13% |
| Annað | 30% | 33% | 37% | 247 | 222 | 30% |
| Starfsstétt* | | | | | | |
| Stjórnendur og sérfræðingar | 38% | 27% | 35% | 172 | 240 | 38% |
